

Laugardalsvöllur var iðjagrænn og svo gott sem tilbúinn til notkunar í gær þegar ljósmyndari átti leið fram hjá vellinum á sama tíma og KSÍ tilkynnti næstu skref í knattspyrnunni á Íslandi. Sérstakt teymi KSÍ vann í vetur hörðum höndum að því að hafa völlinn tilbúinn fyrir leik Íslands og Rúmeníu sem átti að fara fram undir lok mars áður en hann var blásinn af. Í gær var tilkynnt að íslenski boltinn færi að rúlla á ný þann 12. júní næstkomandi þegar ríkjandi Íslandsmeistarar Vals taka á móti KR í Pepsi-Max deild kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fimm finna fyrir einkennum

Foreldrar fimm nemenda við Fossvogsskóla segja börn sín finna fyrir einkennum þrátt fyrir að farið hafi verið í framkvæmdir upp á hundruð milljóna vegna myglu. Reykjavíkurborg segir búið að þrifa skólann.

REYKJAVÍK „Ef það á að telja foreldrum trú um að húsnæði Fossvogsskóla sé í lagi, þá þarf að taka sýni,“ segir Karl Óskar Þráinsson, formaður foreldrafélags Fossvogsskóla. Hluta skólans var lokað tímabundið í fyrra vegna myglu og ráðist í framkvæmdir upp á tæpan hálfan milljarð króna.

Fréttablaðið hefur rætt við foreldra fimm barna við skólann sem segja allir að börnin finni áfram fyrir einkennum eftir að skólinn var opnaður á ný eftir viðgerðirnar síðasta haust. Karl Óskar segir fleiri finna fyrir einkennum.

Öll börnin fimm eiga það sameiginlegt að einkenni þeirra hverfa þegar þau breyta um umhverfi. Dæmi eru um blóðnasir, magaverki og slæma höfuðverki eftir dvöl í húsnæðinu. Einkennin eru mest í vesturbyggingu skólans og kennslueldhúsi. Eitt foreldri segir háan kostnað fylgja því að leita til sérfræðinga. Sendu foreldrarnir erindi á bæði skólastjórnendur og skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar fyrir í vetur vegna málsins.

Skólanum var lokað í kjölfar sýnatöku sem ráðist var í eftir kvartanir foreldra. Skömmu áður

➤ Framkvæmdir við Fossvogsskóla síðasta árið hafa kostað hátt í hálfan milljarð króna.

hafði Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur tekið húsnæðið út og gefið því góða einkunn.

Í svari Reykjavíkurborgar segir að búið sé að fjarlægja allt skemmt efni eftir ítarlegar úttektir verkfræðistofa, koma í veg fyrir frekari leka og laga og lagfæra allt sem úttektaraðilar mæltu með. Þá hafi

skólinn verið þrífinn hátt og lágt. „Húsnæðið hefur verið tekið út af heilbrigðiseftirliti sem gerir ekki frekari athugasemdir og því hefst skólastarf í þessari álmu að nýju á næsta skólaári,“ segir í svarinu.

Karl Óskar segir þörf á annarri sýnatöku. „Úttekt heilbrigðiseftirlitsins er ekki trúverðug þegar miðað er við allt sem á undan er gengið. Ég tel augljóst að ekki hafi tekist að komast fyrir vandann og því sé þörf á að taka fleiri sýni. Það gengur ekki að borgin útiloki börn frá námi með þessum hætti.“

– ab / sjá síðu 4

Kynjahalli áhyggjuefni

DÓMSTÓLAR „Að það séu einungis tvær konur í Hæstarétti Íslands á móti fimm körlum endurspeglar hvorki samfélagið né fjölda kvenna í lögfræðingastétt. Úr því þarf að bæta,“ segir Berglind Svavarsdóttir, formaður Lögmannafélagsins.

Kynslóðaskipti eru að verða í Hæstarétti Íslands en dómáramur sem setið hafa lengi látið af embætti. Tveir dómáramur eru komnir á eftirlaunaaldur. Tvær konur gegna nú embætti hæstaréttardómara og fjórir karlar. – aá / sjá síðu 8




Berglind Svavarsdóttir, formaður Lögmannafélagsins.


Njóttu hækkandi sólar á rúntinum.
Uppáhaldsbíllinn þinn bíður!



HEKLA · Skoðaðu úrvalið á www.hekla.is/vefverslun



Veður



Norðaustan 3-10 í dag. Þykkvar upp syðst á landinu með skúrum eða éljum, léttskýjað vestan til en styttir upp að mestu fyrir norðan. Hiti nálægt frostmarki norðaustan til, en að 10 stigum yfir daginn sunnan heiða. **SJÁ SÍÐU 18**



76,3 prósent mannfjölda á Íslandi voru starfandi á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óvenjulegur ársfjórðungur á vinnumarkaði

COVID-19 39 prósent launafólks á aldrinum 25-64 ára unnu aðalstarf sitt venjulega eða stundum í fjarvinnu heima á fyrsta fjórðungi ársins. Að jafnaði vann launafólk í sama aldurshópi 39,5 klukkustundir heima í hverri viku. Fyrsti ársfjórðungur ársins var óvenjulegur vegna verkfalla, COVID-19 faraldursins og samkomubanns. Þetta kemur fram á vef Hagstofu.

76,3 prósent mannfjölda á Íslandi voru starfandi á fyrsta ársfjórðungi þessa árs eða 199.400 manns, það er lækkun um rúm tvö prósent sé miðað við sama tíma í fyrra. 74,6 prósent voru í fullu starfi sem er lækkun um 0,3 prósentustig frá sama tíma árið áður.

Atvinnuleysi á fyrsta ársfjórðungi 2020 var um þrjú og hálf prósent og af þeim sem voru atvinnulausir höfðu um 3.400 manns verið án atvinnu í tvo mánuði eða minna eða tæp 46 prósent atvinnulausra. Þá höfðu um 1.800 manns verið atvinnulausir í tólf mánuði eða lengur. Ekki hafa jafnmargir eða fleiri verið án atvinnu svo lengi síðan fyrri hluta árs 2014. Á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs höfðu 300 manns verið án atvinnu í tólf mánuði eða lengur. – bdj

Námfúsir Seltirningar vilja setjast á skólabeckinn á ný



Hópur stelpna úr Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi mótmælti áframhaldandi rofi sem orðið hefur á skólavist þeirra vegna yfirstandandi verkfallsaðgerða í miðbænum í gær. Tímabundin vinnustöðvun félagsmanna hjá Eflingu hófst á þriðjudaginn sem raskar skólastarfi, aðeins nokkrum dögum eftir að börnum var hleypt í skólana á ný eftir að hafa setið af sér samkomubann vegna kórónaveirunnar á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skeljungur mun borga til baka

VIÐSKIPTI Skeljungur mun endurgreiða Vinnuálastofnun allan þann kostnað sem til féll vegna starfsmanna Skeljungs í aprílmánuði. Vinnuframlag rúmlega helmings starfsmanna Skeljungs var skert 8. apríl.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Skeljungur hefði nýtt hlutabótleiðina til að bregðast við minnkandi umsvifum en á sama tíma stundað hlutabréfviðskipti og greitt út um 600 milljóna króna arð til hluthafa. Nema greiðslurnar frá ríkinu um 6 til 7 milljónum króna.

Fram kemur í bréfi frá Arna Pétri Jónssyni forstjóra til fjölmiðla að eftir umfjöllun fjölmiðla um kostnað ríkissjóðs hafi Skeljungur talið að ekki hafi verið rétt að nýta úrræðið.

Allir starfsmenn Skeljungs hafa nú verið færðir í 100 prósent vinnuhlutfall og munu því ekki sækja frekari bætur til Vinnuálastofnunar. – uó

Lauk gerð rússneskrar orðabókar á 43 árum

Guðmundur Kristján Kristjánsson lauk nýlega við að setja saman rússnesk-íslenska orðabók, alls 1.376 blaðsíður í sjö bindum. Hann segist ekki hafa lagt upp með að búa til orðabók þegar verkið hófst, þannig hafi það bara farið.

SAMFÉLAG Guðmundur Kristján Kristjánsson, starfsmaður hjá Olís, lauk nýlega við það umfangsmikla þrekvirki að setja saman rússnesk-íslenska orðabók, alls 1.376 blaðsíður í sjö bindum. Hann byrjaði á verkefninu í júlí 1977 og hefur síðan dundað sér við að snara rússneskum orðum yfir á íslensku sem áhugamál. Fyrst með því að þýða rússneska-enska orðabók yfir á íslensku og síðan hélt hann áfram verkinu. „Það var ekki ætlunin að búa til heila orðabók, það bara ætlaðist þannig,“ segir Guðmundur.

Hann segir ekkert sérstakt hafa orðið til þess að hann fékk áhuga á tungumálinu á sínum tíma. „Mér finnst rússneska fallett tungumál,“ segir Guðmundur. Hann hefur farið á ýmis námskeið í gegnum tíðina, meðal annars hjá MÍR og Mími, en oft hefur verið fámenn í tímum. Guðmundur hefur einu sinni heimsótt fyrirheitna landið en það var daginn eftir fimmtugsafmælið hans sem var 12. ágúst 2007.

„Ég fékk gefins tíu daga ferð til Rússlands með Jóhanni elsta bróður mínum og konu hans Agnethe,“ segir Guðmundur. Hópurinn flaug með Bændaferðum til Helsinki og þaðan var keyrt til St. Pétursborgar í rútu með viðkomu í Vyborg og einnig var stoppað í fallett þjóðgarði sem er á verndarskrá Unesco.

Rússneskan kom sér vel á ferðalaginu því að í skipulögðum ferðum um landið gat hann túlkað ýmislegt fyrir samferðamennina. Sérstaklega bjargaði tungumálakunnáttan honum þegar hann áttaði sig á því við landamæri Rússlands að hann hafði gleymt passanum sínum. „Þá heilsaði ég landamæraverðinum á rússnesku og þá guggnaði hann,“ segir Guðmundur kiminn.



Guðmundur Kristján Kristjánsson með orðabókina sem alls telur sjö bindi.

Mér finnst rússneska bara fallett tungumál.

land aftur í bráð. „Það er svo dýrt og ég myndi helst vilja hafa einhvern með mér. Það er ekki séns að maður fari í svona umhverfi einn.“

Guðmundur á fleiri áhugamál, eins og tónlist, KR og ættfræði. Þá hefur hann ótrúlegan hæfileika til að muna dagsetningar. „Ég fór í viðtal við Gaupa þann 28. júlí 2011. Þá hafði ég búið til ættarbækur fyrir alla leikmenn KR,“ segir hann.

Það sama hefur hann gert fyrir samstarfsfólk sitt hjá Olís þar sem hann hefur starfað síðan 1985. Guðmundur var sæmdur gullmerki fyrirtækisins fyrir nokkrum árum og í byrjun þessa árs fékk hann viðurkenningu fyrir 35 ára starf. „Olís er mjög gott fyrirtæki og þar á ég marga góða vini.“

Út af árferðinu efast Guðmundur um að hann muni heimsækja Rúss-

bjornth@frettabladid.is

Slitsterk
TEPPI
fyrir stigaganga

KOMUM
Á STAÐINN
OG GERUM
TILBOÐ

ALLIR
VINNA

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

- síðan 1986 -

94
%

Inniheldur 94% vatni

Landsliðið í hollustu

Salat er hópíprótt. Ólíkir liðsfélagar sem vinna þó allir að sama markmiði – að gleðja bragðlaukana á hollnæman hátt. Þitt hlutverk er að stilla liðinu upp og njóta.



islenskt.is

ÞÚ VEIST
HVADAN ÞAÐ
KEMUR



Mögulegt að ekki hafi tekist að hreinsa allan sveppagróður

REYKJAVÍK „Það er ekki hægt að ætlast til þess að börn sem verða veik við að fara inn í herbergi séu skylduð til að gera það,“ segir Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir, sveppafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, en hún sá um að greina sýnin sem tekin voru úr Fossvogsskóla áður en honum var lokað að hluta í fyrra.

Foreldrar sem Fréttablaðið hefur rætt við segja að einkennin

hverfi þegar börnin séu ekki í skólunum, þá helst vesturbyggingu skólans. Einkennin hafi lagast þegar börnin hafi stundað nám í öðru húsnæði.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerði úttekt á húsnæði skólans í desember síðastliðnum í kjölfar kvartana um að nokkrir nemendur myndu fyrir óþægindum í öndunarfærum og húð. Heimilisfræðistofan og ípróttahúsið voru skoðuð sér-



Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir, sveppafræðingur

staklega. Segir í skýrslunni að loftgæði virki góð og að engin óvenjuleg lykt sé greinanleg. Þá hafi verið kveikt á loftræstingu í ípróttahús-

næðinu þar sem loftgæði voru ekki fullnægjandi.

Guðríður Gyða vill ekki fullyrða að mygla sé í húsnæðinu en einkenni barnanna, höfuðverkur, blóðnasir og ógleði, séu dæmigerð fyrir slíkt. „Þeir sem hafa farið yfir sín þolmörk fá mikla næmni, það þarf ekki að vera mikið til að þeir einstaklingar finni fyrir einkennum.“

Hefur hún efasemdir um að

úttekt heilbrigðiseftirlitsins nái til sveppaefnanna í lofti. Gróin séu smá, á stærð við minnsta svifryk, það sé vel mögulegt að ekki hafi náðst að hreinsa allan sveppagróður. „Fólk sem er næmt fyrir sveppum er oftast besti mælikvarðinn á hvort eitthvað sé að í rýmum,“ segir Guðríður Gyða. „Það er spurning hvort skólayfirvöld neyðist ekki til að loka þeim rýmum þangað til búið er að finna hvað er að.“ – ab

Stjórnendur eiga von á samdrætti

ÍÐNAÐUR Tæplega sjö af hverjum tíu stjórnendum iðnfyrirtækja telja að COVID-19 hafi nokkuð eða mjög neikvæð áhrif á rekstur sinna fyrirtækja. Þetta sýna niðurstöður könnunar sem Outcome gerði fyrir Samtök iðnaðarins. Rómur fimmtungur stjórnenda telur að neikvæð áhrif á rekstur verði nokkuð eða mjög lítil.

Rómur helmingur telur aðstæður í íslensku efnahagslífi vera slæmar fyrir sín fyrirtæki. Það hlutfall hefur ekki verið hærra frá því að SI könnuðu fyrst hug stjórnenda iðnfyrirtækja árið 2014.

Tæpur helmingur stjórnendanna telur að fjöldi starfsmanna hjá sér standi í stað næstu tólf mánuði. Um 37 prósent telja að starfsmönnum muni fækka og 14 prósent að þeim muni fjölga. Meirihluti stjórnenda telur einnig að samdráttur verði í tekjum fyrirtækja sinna út árið.

Könnunin var gerð 14. til 26. apríl. – sar

Finnur ráðinn forstjóri Haga

VIÐSKIPTI Stjórn Haga hefur ráðið Finn Oddsson, forstjóra Origo, sem forstjóra félagsins og mun hann hefja störf í sumar. Þetta kemur fram í tilkynningu sem smásölurissinn birti í Kauphöllinni í gærkvöldi.



Finnur Oddsson, forstjóri Origo.

Finnur tekur við forstjórastarfinu af nafna sínum, Finni Arnasyni, sem óskaði í síðustu viku eftir því að láta af störfum hjá Högum. – kij

Beitir sér í máli systra Kristins

Fyrirverandi dómsmálaráðherra hefur gert kröfu um að systur mannsins hennar heitins þurfi ekki að mæta í skýrslutöku til að skýra frá mögulega ólögmati og skaðabótaskyldri háttsemi af hálfu hans.

DÓMSMÁL Sólveig Pétursdóttir, fyrirverandi dómsmálaráðherra, hefur gert kröfu um að aðilar þurfi ekki að mæta í skýrslutöku til að skýra frá mögulegri skaðabótaskyldri háttsemi mannsins hennar heitins, Kristins Björnssonar.

Beiðni Lyfjablóms ehf. um að systurnar Emilía Björg og Sjöfn Björnsdætur mæti í skýrslutöku fyrir dómi var tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í vikunni.

Núverandi eigendur Lyfjablóms ehf. halda því fram að Kristinn, sem sá um daglegan rekstur Lyfjablóms ehf., hafi valdið félaginu fjártjóni. Þeir kröfðust þess að skýrsla yrði tekin fyrir dómi af þeim Emilíu og Sjöfn í desember síðastliðnum en þær eru báðar fyrirverandi hluthafar og fyrirverandi stjórnarmenn í Lyfjablómi. Systurnar höfnuðu því hins vegar báðar að mæta í skýrslutöku.

Eigendur Lyfjablóms telja að vitnisburður systranna geti skýrt frá löggerningum sem félagið gerði fyrir efnahagshrunin en Lyfjablóm leitar nú sannana á þeim atvikum til þess að geta farið í mögulegt skaðabótamál gegn Sólveigu, sem situr í óskiptu búi eftir Kristin.

Jón Þór Ólason, lögmaður Lyfjablóms ehf., tók það fram í héraðsdómi að ekki stæði til að gera systurnar að aðilum að hugsanlegu skaðabótamáli sem reynt sé að höfða. Það væri einungis verið að sækjast eftir vitnisburði þeirra til að upplýsa frekar um ákveðna löggerninga félagsins svo hægt sé að taka ákvörðun um málsókn á hendur Sólveigu.

„Þetta snýst um að leiða tvo fyrrum eigendur í félagi og stjórnarmenn til þess að spyrja þá út í tiltekin atriði sem væru greind í greinargerð. Ef málatilbúnaður sóknaraðila (Lyfjablóms) væri allur í molum eins og gefið er skyn í greinargerð



Bréf dómsmálaráðherrans fyrirverandi var lagt fram í Héraðsdómi Reykjavíkur á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Sólveig Pétursdóttir, fyrirverandi dómsmálaráðherra

varnaraðila þá myndi maður nú fyrirfram ætla að varnaraðilar myndu fagna því að fá tækifæri til að greina satt og rétt frá mála-vöxtum og hvernig málum var í raun háttáð,“ sagði Jón Þór í málflutningi á mánudaginn. Hann tók einnig fram í málflutningi sínum að það kæmi í margoft fram í beiðninni að

verið væri að fjalla um „ætlaða saknæma ólögmeta háttsemi“ Kristins Björnssonar heitins.

„Sóknaraðili er að reyna draga fram sannleikann í málinu. Af hverju er verið að reyna hindra að hann komi fram? Er það vegna þess að hann þolir ekki dagsins ljós? Eða eru varnaraðilar hugsanlega undir hælnum á þeim sem hugsanleg málsókn beinist að?“ sagði Jón Þór í héraðsdómi.

Benti hann á að greinargerð systranna væri nær samhljóða bréfi sem Sólveig sendi Héraðsdómi Reykjavíkur í lok síðasta árs. Í því bréfi gerir Sólveig, sem er ekki aðili að

málinu, kröfu um að beiðninni verði hafnað og að Emilía og Sjöfn þurfi ekki að mæta í skýrslutöku. Telur Sólveig einnig „deginum ljósara“ að þær hljóti að geta skorast undan því að gefa skýrslu sem vitni vegna skyldleika við Kristin.

Bréfið var ekki hluti af málsgögnunum en eftir fyrstu ræðu Jóns lagði Ragnar H. Hall, lögmaður systranna, það fram. Jón Þór tók fram að eðlilegra hefði verið að leggja það fram sem málsgagn fyrst Sólveig sendi það til réttarins. Dómarinn í málinu hafði einnig lesið bréf Sólveigar og ákvað að það skyldi verða hluti málsgagna. mhj@frettabladid.is

Telja umhverfisáhrif ekki umtalsverð

SKIPULAGSMÁL Ekki er talið líklegt að framkvæmdir við endurbætur á kísilverksmiðju Stakksbergs í Helguvík hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér að teknu tilliti til mót-vægisáðgerða.

Þetta eru niðurstöður frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum sem unnin var af Verkís og Stakksberg hefur tilkynnt til umfjöllunar Skipulagsstofnunar. Umræddar mót-vægisáðgerðir felast meðal annars í að reisa 52 metra háan skorstein til að bæta útblástur.

Áhrif framkvæmdanna teljast nokkuð neikvæð á loftgæði og ásynd og á grunnvatn við fullbyggða verk-smiðju. Fyrsti áfangi endurbótanna miðar við 25 þúsund tonna ársframleiðslu en gert er ráð fyrir stækkun í áföngum í 100 þúsund tonna framleiðslu.

Áhrifin eru talin vera nokkuð jákvæð á atvinnustig samfélags á framkvæmdatíma og talsvert jákvæð á samfélag á rekstrartíma.



Kísilverksmiðjan umdeilda í Reykjanesbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stakksberg, sem er dótturfélag Arion banka, eignaðist verksmiðjuna eftir gjaldþrot United Silicon snemma árs 2018. Rekstur verksmiðjunnar var stöðvaður í september 2017 eftir mikla erfiðleika og kvartanir íbúa yfir lykt og slæmum áhrifum á heilsu.

Arion banki hefur unnið að sölu verksmiðjunnar um nokkurt skeið en í janúar síðastliðnum var tilkynnt að verðmæti eigna Stakksbergs hefði verið fært niður um 2,3 milljarða.

Hópur íbúa í Reykjanesbæ hefur

barist gegn því að starfsemi verksmiðjunnar hefjist að nýju og hefur meðal annars farið fram á íbúakosningu um málið.

Hægt verður að leggja fram athugasemdir við frummatsskýrsluna fram til 26. júní næstkomandi. Í framhaldinu mun framkvæmdar- aðili bregðast við umsögnum og athugasemdum og gera grein fyrir í matsskýrslu. Skipulagsstofnun mun svo vinna álit um mat á umhverfis- áhrifum á grundvelli matsskýrslunnar. – sar

FRÉTTABLAÐIÐ

DAG HVERN LESA

93.000

ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI

HEIMILD: PRENTMIJLAMEIJUNG GALLUP OKT-DES 2019, 12-80 ÁRA.
ALLT LANDIÐ HAGSTOFA ÍSLANDS, MANNVIÐDATÖLUR, 2019

FRÉTTABLAÐIÐ - MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

Meira grill

Tilboð gilda út 10. maí



Spennandi steikarsósir sem þú verður að prófa

Verð frá **499** kr/stk



25%
afsláttur

Hagkaups grillæri

2.174 kr/kg

Verð áður 2.899 kr/kg



25%
afsláttur

Einfalt
að grilla

Holta

Drumsticks, Piri piri BBQ, Argentínu, buffaló og BBQ

1.199 kr/kg

Verð áður 1.599 kr/kg



25%
afsláttur

Chipotle lambaprime

2.924 kr/kg

Verð áður 3.899 kr/kg



15%
afsláttur

Alvöru borgarar úr íslensku Ribeye 2x120 g

1.104 kr/kg

Verð áður 1.299 kr/kg



20%
afsláttur

Kjúklingabringur

2.039 kr/kg

Verð áður 2.549 kr/kg



15%
afsláttur

Ketó pizza 2 tegundir

1.274 kr/pk

Verð áður 1.499 kr/pk



15%
afsláttur

Oumph!
The Banger & Smoky Bits

Verð frá **849** kr/pk

Verð áður frá 999 kr/pk



NÝJUNG

Acai fruit puree
Uppistaðan í þinni eigin Acai skál

Verð frá **489** kr/pk



Hagkaup.is
heim að dyrum

HAGKAUP



Frá sýnatöku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tvö ný tilfelli

COVID-19 Greint var frá tveimur nýjum tilfellum af kórónaveirunni á Íslandi í gær en deginum áður höfðu 620 sýni verið tekin. Það þýðir að 1.801 hefur smitast af veirunni á Íslandi. Á sama tíma náðu fjórir bata.

Það eru því 36 með virkt smit á Íslandi og hafa ekki færri verið smitaðir síðan 4. mars.

Það hafa ekki jafn margir greinst með kórónaveiruna á einum degi síðan 28. apríl síðastliðinn. Aðeins tveir höfðu greinst undanfarna átta daga áður en nýjustu tvö tilföllin komu í ljós. – kpt



Fundir utanríkisráðherra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna fór fram í Borgarnesi, á golfvöllinum.

Fjölmiðlar leita til Borgarbyggðar

BORGARBYGGÐ Fjölmiðlarnir Hringbraut, Stöð 2 og K100 sendu allir erindi til Borgarbyggðar með beiðni um samstarf.

Stöð 2 sendi erindi á atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefnd vegna þáttanna Golfarinn, sem Hlynur Sigurðsson og Ragnhildur Sigurðardóttir hafa séð um. Margir fallegir golfvöllir eru í Borgarbyggð og samþykkt nefndin erindi sjónvarpsstöðvarinnar.

K100 fékk einnig já frá nefndinni um samstarf og var verkefnastjóra hennar falið að vinna málið áfram. Borgarbyggð hafnaði hins vegar erindi sjónvarpsstöðvarinnar Hringbrautar vegna þáttanna Bærinn minn. Hringbraut er í eigu Torgs ehf., útgáfufélags Fréttablaðsins. – bb

Fyrirheit stjórnar um bættan rekstrargrundvöll ekki efnd

Samband íslenskra sveitarfélaga telur skýrt samkvæmt lögum að rekstur hjúkrunarheimila sé á könnu ríkisins. Í núverandi samningi Sjúkratrygginga og SFV hafi verið sett þak á stuðul um þjónustuþyngd og greiðslur því lækkað að raunvirði, þvert á fyrirheit í stjórnarsáttmála um bættan rekstrargrundvöll.

HEILBRIGÐISMÁL Samband íslenskra sveitarfélaga segir að þó að sveitarfélög hafi komið að rekstri og stutt við hjúkrunarheimili, sérstaklega á landsbyggðinni, sé ábyrgðin hjá ríkinni. „Sveitarfélögin hafa litið á þetta sem samfélagslega ábyrgð, að tryggja fólki úrræði. Lögformlega leikur enginn vafi á því, samkvæmt lögum um málefni aldraðra og lögum um heilbrigðisþjónustu, að þetta er þjónustukerfi sem eru á könnu ríkisins,“ segir Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur hjá sambandinu.

Í gær sagði Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra í viðtali við RÚV að hjúkrunarheimilin væru ekki spítalar heldur heimili. Sveitarfélögin bæru því ábyrgð á búsetunni. En Akureyrarbær hefur tilkynnt að ekki standi til að standa lengur að rekstri hjúkrunarheimilanna í bænum og fleiri sveitarfélög hafa lýst óánægju með kerfið vegna kostnaðar.

Tryggvi segir það á gráu svæði hvaða félagsþjónustu fólk eigi að fá frá sveitarfélagi inni í hjúkrunar-rými. Það samtal sé óklárað. Áður fyrr hafi félagsþjónusta ekki verið veitt á stofnunum heldur heimilum, en nú hafi þróunin verið í þá átt að líta á hjúkrunarheimili sem heimili.

Sveitarfélögin koma að rekstri þriðjungs hjúkrunarrýma landsins. Stundum með aðkomu að stjórn, stundum sem bakhjarl án aðkomu að stjórn. En langflest hjúkrunarheimili eru undir hatti SFV, Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Samningur Sjúkratrygginga Íslands og SFV var undirritaður fyrir júl og gildir til loka árs 2021, og er þetta langstærsti samningur sem Sjúkratryggingar gera við þjónustuveitanda, upp á um 30 milljarða króna. Valgerður Freyja Ágústsdóttir, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að greiðslur ríkisins hafi minnkað að raunvirði. Þetta sé eitt af fáum málefna sviðum innan heilbrigðiskerfisins þar sem aðhaldskrafa hafi verið, upp á hálf t prósent undanfarin ár.



Akureyri og fleiri sveitarfélög eru óánægð með rekstrargrundvöll hjúkrunarheimila. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þetta er svoltið eins og að ganga inn í bilaumboð og vilja Land Cruiser en vera aðeins tilbúinn að borga fyrir Yaris.

Valgerður Freyja Ágústsdóttir, sérfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga



Í hinum nýja samningi hafi verið sett þak á stuðul sem reiknaður er út frá færnimati fólks. „Það kæmi mér ekki á óvart að fleiri sveitarfélög væru í svipaðri stöðu og Akureyri og mjög ósatt við fyrirkomulagið,“ segir Valgerður. „Hljóðið í fólki eftir undirritun var þannig að þetta hafi verið nokkurs konar nauðasamningur.“ Fyrirheit hafi verið sett í stjórnarsáttmála um að styrkja rekstrargrundvöllinn en þau ekki raungerst í fjármálaáætlun ríkisins. Fjárlaganefnd sé þó vel upplýst um stöðuna.

Á meðan greiðslurnar eru að lækka sé verið að fjölga hjúkrunarrýmum og dagdvalarrýmum, til dæmis á Akureyri. „Þetta er svoltið eins og að ganga inn í

bilaumboð og vilja Land Cruiser en vera aðeins tilbúinn að borga fyrir Yaris,“ segir Valgerður. Skýringuna sé meðal annars að finna í skorti á greiningarvinnu og kostnaðarmati hjá Sjúkratryggingum. Þetta hafi meðal annars komið fram í skýrslum frá Ríkisendurskoðun árið 2018 og KPMG 2019. Margir aðrir annmarkar séu á öllu samningsferlinu, svo sem óskýrt umboðsferli, þjónusta sé illa skilgreind og samningsumboð Sjúkratrygginga óljóst. „Upplifunin er stundum sú að ráðuneytið og Sjúkratryggingar bendi hvort á annað,“ segir Valgerður. Á meðan séu miklar áhyggjur af bæði rekstrinum og mönnuminn.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Dönsk loftbrú til Kína nýttist hérlendis

ÞJÓNUSTA „Þessu hefur verið mjög vel tekið,“ segir Magnus Joensen, hjá Bluewater Shipping á Íslandi, sem býður nú vöruflutninga frá Sjanghai í Kína til Íslands.

Bluewater, sem stofnað var í Danmörku 1972, hefur nú sett upp átta flug frá Kína til Kaupmannahafnar í samstarfi við SAS Cargo. Magnus segir aðra aðila bjóða beint flug á milli Sjanghai og Keflavíkur. Það sé hins vegar mjög dýrt. Meðal annars með því að sigla með vörurnar frá Danmörku til Íslands náist verðið mikið niður.

„Vélarnar fara frá Sjanghai til Köben tvisvar í viku. Okkar fólk tæmir vélarnar á Kastrup og farminum er ekið í truckum til Bluewater í bænum Greve,“ útskýrir Magnus. Þar sé vörunum skipt upp og þær sendar áleiðis á endanlega áfangastaði á Norðurlöndunum og í Þýskalandi. „Vörur sem eiga að fara til Íslands keyrum við á lagerinn okkar í Árósum og sendum síðan með skipi heim.“

Aðspurður segir Magnus að flutningurinn frá Sjanghai til Íslands kosti gróflega áætlað um 30 prósent af því sem kosti að senda vörur með flugi beint til Keflavíkur frá



Samningur Bluewater og SAS er um tvær ferðir á viku í samtals átta skipti.

Við siglum einu sinni í viku frá Árósum og heim.

Magnus Joensen, hjá Bluewater Shipping á Íslandi



Kína. „Við siglum einu sinni í viku frá Árósum og heim svo flutningstíminn er rúm vika,“ segir hann.

Fyrsta flugið af átta sem áætluð eru frá Sjanghai lenti í Kaupmannahöfn í fyrrakvöld að sögn Magnúsar. Sú vél hafi verið fulllestuð og næsta flug sem verði á miðvikudaginn sé einnig þegar fullbókuð. „Og sunnudagurinn þar á eftir er nálægt því að vera fullur líka.“

– gar

OPIÐ HÚS laugardaginn 9/5 og sunnudaginn 10/5 milli klukkan 12 og 13
SJÓN ER SÖGU RÍKARI!

Bjarkardalur 4-6 Reykjanesbæ

NÝJAR, FULLBÚNAR vandaðar 3 herbergja íbúðir með bílskúr. Tvær stærðir: 108,4m² og 130,3m². Verð frá 44,9 milljónum. 20 mínútna akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.

Íbúðirnar eru einstaklega vandaðar og skilast með gólfefnum á öllum rýmum, fallegum innréttingum, ísskáp m. frysti, uppvottavél og smekklegrí lýsingu frá Lumex.

Allar upplýsingar veita
Helga Pálsdóttir lögg. fasteignasali
Sími 822 2123 helga@fastlind.is
Þorsteinn Yngvason lögg. fasteignasali
Sími 696 0226 thorsteinn@fastlind.is

LIND
FASTEIGNASALA

Njóttum sumarsins!

FERSK SENDING
AF BLÓMSTRANDI
POTTAPLÖNTUM

FYRSTU SUMARBLÓMIN
BYRJUÐ AÐ STREYMA INN

VÖRUMST AÐ LÁTA BLÓMIN
STANDA ÚTI Í NÆTURFROSTI

Veldu mæðradagsblómin
á gardheimar.is




Meistaraflokkar ÍR í handbolta sjá um heimkeyrslu
á mæðradagsblómum sem pantaðir eru í vefverslun.
Einnig hægt að sækja blómin á útisvæði Gardheima.
Fljótlegt og snertilaust.

Úrval af
ávaxtatrjám og
berjarunnum



OPÍÐ:
10 - 21
ALLA DAGA



GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Ásýndin styrkir traust til dómstólsins

Hæstiréttur fer nú í gegnum kynslóðaskipti. Þrjú dómara hafa látið af störfum á innan við ári og aðrir komið í staðinn. Fréttablaðið rýndi í sérsvið dómara æðsta dómstóls þjóðarinnar og ræddi við talsmenn lögmannna og dómara um mikilvægi breiddar réttarins.

Adalheiður
Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is



DÓMSTÓLAR Kynslóðaskipti eru að verða í Hæstarétti Íslands en dómara sem setið hafa lengi í réttinum hafa látið af embætti og aðrir komið í þeirra stað. Markús Sigurbjörnsson, sem gegnt hafði embætti hæstaréttardómara í aldarfjórðung, lét af embætti síðastliðið haust og á sama tíma Viðar Már Matthíasson eftir tæpan áratug. Í síðustu viku lét Helgi I. Jónsson af embætti eftir tæpa átta ár í réttinum.

Tvær konur gegna nú embætti hæstaréttardómara og fjórir karlar. Skipað verður í sæti Helga á næstunni en sjö dómara eiga að skipa Hæstarétt. Í umsögn dómnefndar um þá sem sóttust eftir hinu lausa embætti er Sigurður Tómas Magnússon, dómari við Landsrétt, metinn hæfastur umsækjenda.

Með tilkomu Landsréttar hefur hlutverk Hæstaréttar breyst umtalsvert. Landsréttur er eiginlegur áfrýjunardómstóll en Hæstiréttur veitir sjálfur áfrýjunarleyfi á grundvelli beiðna. Lögum samkvæmt má Hæstiréttur veita áfrýjunarleyfi ef beiðnin lýtur að atriði sem hefur verulega almenna þýðingu eða af öðrum ástæðum er mjög mikilvægt að fá úrlausn Hæstaréttar um. Þá getur Hæstiréttur veitt slíkt leyfi ef ástæða er til að ætla að málsmeðferð fyrir héraðsdómi eða Landsrétti hafi verið stórlega ábótavant eða dómur Landsréttar bersýnilega rangur að formi eða efni. Sé um sakamál að ræða ber Hæstarétti að verða við ósk ákærða um áfrýjun hafi hann verið sýknaður í héraði en sakfelldur í Landsrétti, nema rétturinn telji ljóst að áfrýjun muni ekki verða til þess að breyta dómi Landsréttar.

Vegna þessa breytta hlutverks Hæstaréttar fækkar mjög málum sem tekin eru til meðferðar við réttinn og er markmiðið að dómara við réttinn fái svigrúm til að kveða upp vandaða og fordæmisgefandi dóma sem veita um leið leiðbeiningu til neðri dómstíganna, en sem æðsti dómstóll landsins fer Hæstiréttur einnig með það hlutverk að skera úr um hvort sett lög og aðrar réttarreglur standist stjórnarskrá.

Miklir reynsluboltar

Það sem einkennir sitjandi dómara í Hæstarétti sérstaklega er gífurlega mikil dómaraeignsla. Flestir dómara hafa verið höfðu áður starfað sem dómara, ýmist við héraðsdóma eða Landsrétt, og einn þeirra hefur einnig reynslu af setu í alþjóðlegum dómstól. Aðeins einn dómara hafa hefur mikla reynslu af lögmenntu, Karl Axelsson.

Þrjú dómara hafa lokið framhaldsmenntun auk embættisprófs í lögum; Ingvaldur Einarsson, Þorgeir Örylgsson og Ólafur Þorvaldsson. Tveir hafa gegnt stöðu prófessors í lögum, Þorgeir og Benedikt Bogason. Þeim gæti nú fjölgað um einn verði Sigurður Tómas skipaður við réttinn en hann hefur gegnt stöðu atvinnulífsprófessors við Háskólann í Reykjavík.

Hæstiréttur er vel skipaður þegar kemur að réttarfarum; þeim formreglum sem gilda um meðferð mála fyrir dómi. Dómara við réttinn hafa allir mikla dómaraeignslu og hafa nokkrir sérþekkingu á sviði réttarfarum. Þeir dómara sem gegnt hafa stöðu prófessors hafa allir kennt réttarfar; þó einkum á sviði einkamála. Gréta Baldursdóttir hefur mikla reynslu af fullnusturéttarfarum (reglur sem gilda um aðför, nauðungarsölur, gjaldþrot og fleira). Setjist Sigurður Tómas í Hæstarétt í stað Helga I. Jónssonar, eykst þekking



Vegna breytinga á hlutverki Hæstaréttar með tilkomu Landsréttar hefur hæstaréttardómurum verið fækkað úr tíu í sjö. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Berglind Svavarsdóttir
formaður Lögmannafélagsins

„Hvorki eru í lögum né reglum gerðar kröfur um sérstaka samsetningu eða breidd dómstóls enda eru dómara sjálfstæðir í sínum störfum og við úrlausn mála fara þeir eingöngu eftir lögum.

Traust almennings á dómstólum byggist á því að til staðar séu sjálfstæðir og óvilhallir dómstólar og tryggt sé að borgararnir njóti jafnræðis og réttlátrar málsmeðferðar. Því er mikilvægt að ásýnd dóm-



stóls sé með þeim hætti að hún styrki það traust. Einsleitni og of einhæf þekking og reynsla getur dregið úr tiltrú almennings á dómstólum og því skiptir máli að samsetning dómstóls endurspeglir breiðari hópa samfélagsins. Að það sé einungis tvær konur í Hæstarétti Íslands á móti fimm körlum endurspeglar hvorki samfélagið né fjölda kvenna í lögfræðingastétt. Úr því þarf að bæta.“

» **Dómara við Hæstarétt mega láta af embætti við 65 ára aldur án þess að missa neins af launakjörum sínum.**

ing réttarins á sakamálaréttarfarum en hann hefur bæði kennt það fag við Háskólann í Reykjavík auk þess sem hann flutti ein stærstu sakamál Íslandssögunnar bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti; Baugsmálin. Hann hefur síðan þá einnig fengist við kennslu á sviði auðgunar- og efnahagsbrota.

Hæstiréttur á tvo sérfræðinga á því sviði sem hvað flest dómsmál varða; kröfurétti. Benedikt og Þorgeir hafa báðir gegnt prófessorsstöðu við Háskóla Íslands, kennt þar kröfurétt og gefið út fræðirit um efnið.

Þekking á sviði Evrópuréttar og alþjóðalaga er einnig ágæt en Þorgeir var dómari við EFTA-dómstólinn áður en hann settist í Hæstarétt auk þess sem hann hefur framhaldsmenntun á sviði þjóðaréttar og alþjóðlegs einkamálaréttar. Ólafur Þorvaldsson hefur einnig meistaraþróf í Evrópurétti.

Athygli vekur hve margir dómara sjö hafa sérstaka reynslu af barnarétti (Ingvaldur, Benedikt og Gréta). Þá er ótalin sérstök þekking Karls Axelssonar á sviði eign- og jarðaréttar en hann hefur bæði fengist við kennslu á því sviði auk ráðgjafar við stjórnvöld og margra ára starf í óbyggðanefnd. Meðal annarra sérsviða sem dómara í Hæstarétti hafa starfað við eru veðréttur, hugverkaréttur, samkeppnisréttur, fjölmiðlaréttur og skiptaréttur.

Sérþekking horfið á braut

Meðal fræðimanna sem horfið hafa úr réttinum síðustu ár eru Viðar Már Matthíasson, sérfræðingur í skaðabótarétti, en á því sviði er Landsréttur ef til vill betur skipaður sem stendur, þar situr helsti fræðimaður landsins á þessu sviði, Eiríkur Jónsson, auk Jóhannesar Sigurðssonar, sem kenndi skaðabótarétt í áratugi.

Páll Hreinsson, einn fremsti sérfræðingur landsins á sviði stjórnsýsluréttar, fékk lausn frá embætti hæstaréttardómara fyrir nokkrum árum en stjórnsýsluréttur er án efa meðal helstu fræðisviða sem koma til kasta æðsta dómstóls landsins. Þótt dýrmætt þekking hafi horfið á braut með Viðari og Páli bætir dómaraeignsla sitjandi dómara við Landsrétt hana upp að ein-

Kjartan Bjarni Björgvinsson
formaður Dómarafélagsins

„Það er kannski ekki að öllu leyti sanngjarnt gagnvart lögmonnum og dómurum sem sækja um í Hæstarétt ef of mikil áhersla er lögð á tiltekin sérsvið, enda gefst nú yfirleitt ekki tækifæri til að helga sig ákveðnum sérsviðum hér á landi nema innan háskólasamfélagsins og með setu í einstökum úrskurðarnefndum.

Mín reynsla er sú að bestu dómarnir, hvaðan sem þau

annars koma, séu þau sem geta sett sig hratt og djúpt inn í nánast hvaða viðfangsefni sem er og eru ekki matvönd þegar kemur að hlaðborði lögfræðinnar. Árin 2009–2017 þurftu til dæmis vel flestir dómara að tileinka sér gjaldþrota- og fjármálamarkaðsrétt á óþekktum skala. Sennilega hefðum við flest endurskoðað val á áföngum og sérfræðimenntun ef við hefðum vitað hvaða ósköp biðu okkar.“



hverju leyti en auk þess hafa sumir dómara á starfsferli sínum gegnt störfum sem krefjast þekkingar á þessum sviðum. Tveir þeirra hafa starfað hjá Umboðsmanni Alþingis og var Þorgeir Örylgsson settur umboðsmaður í nokkrum málum skömmu fyrir aldamót.

Kynjahallinn áhyggjuelfni

Tveir sitjandi hæstaréttardómara eru konur á leyfilegan eftirlaunaldur; Gréta og Þorgeir. Ætla má að Þorgeir hyggist sitja þann tíma sem hann á eftir í sæti forseta réttarins en hann verður 69 ára þegar því lýkur við lok næsta árs.

Margir hafa lýst áhyggjum af kynjahalla í Hæstarétti en áður en Ingvaldur var skipaður dómari við réttinn nú um áramót hafði Gréta Baldursdóttir verið eina konan í réttinum um árabíl.

„Að það séu einungis tvær konur í Hæstarétti Íslands á móti fimm körlum endurspeglar hvorki samfélagið né fjölda kvenna í lögfræðingastétt. Úr því þarf að bæta,“ segir Berglind Svavarsdóttir, formaður Lögmannafélagsins. Formaður Dómarafélagsins bendir á að breytingar sem gerðar voru árið 2010 hafi þegar haft jákvæð áhrif.

„Eftir að reglum um hæfnismat á umsækjendum um dómaraembætti

var breytt 2010 hefur kynjahallinn minnkað hratt í dómskerfinu. Sú þróun mun væntanlega líka birtast í Hæstarétti á næstu árum,“ segir Kjartan Bjarni Björgvinsson, formaður Dómarafélagsins.

Eftir að fleiri konur fóru að sækja laganám hefur þeim einnig fjölgað sem sækja um embætti hæstaréttardómara. Meðal þeirra sem sótt hafa um að undanförunu eru Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari sem myndi auka umtalsvert á þekkingu réttarins á sviði refsiréttar og sakamálaréttarfarum, Ása Ólafsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, sem lauk nýverið við ritun fræðis á sviði samningaréttar, Oddný Mjöll Arnardóttir landsréttardómari hefur doktorsprófi lögum frá Edinborgarháskóla og hennar sérsvið er mannréttindi. Þá hefur Adalheiður Jóhannsdóttir, doktor í umhverfis- og auðlindarétti og prófessor við Háskóla Íslands, einnig sótt um í Hæstarétti.

Sú kona sem þó er hvað oftast orðuð við Hæstarétt er Björg Thorarensen, prófessor í stjórnskipunar- og mannréttindum við Háskóla Íslands. Hún hefur enn ekki sótt um embætti við réttinn en eiginmaður hennar, Markús Sigurbjörnsson, lét eins og fyrr segir nýverið af embætti eftir aldarfjórðungs setu í réttinum.



VOR TILBOÐ

25%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLU PARKETI
OG FLÍSUM

Birgisson®



Strandaglópar geta flogið heim til Indlands

INDLAND Aðgerðir hófust í gær til að sækja þúsundir Indverja sem urðu strandaglópar erlendis vegna COVID-19 faraldursins. Öllu farþegaflugi til og frá Indlandi var aflýst í mars til að sporna við útbreiðslu hans.

Yfir 60 flug eru áætluð til að sækja tæplega 15 þúsund Indverja til ýmissa landa í komandi viku. Farþegarnir greiða sjálfir fargjöld og verða settir í sóttkvi við heimkomuna.

Einungis verður tekið við far-



Margir Indverjar eru fastir erlendis vegna ferðabannsins. MYND/GETTY

» Indversku sendinefndinni í Sameinuðu arabísku furstadæmunum einum hefur borist yfir 197 þúsund umsóknir.


Þegum sem geta sýnt fram á að þeir séu ekki smitaðir af COVID-19.

Air India, stærsta flugfélag landsins, mun sinna verkefninu þar sem

verður meðal annars flogið til Bandaríkjanna, Bretlands og Sáði-Arabíu.

Samkvæmt BBC hefur indversku sendinefndinni í Sameinuðu arabísku furstadæmunum einum borist yfir 197 þúsund umsóknir frá Indverjum sem vilja snúa aftur heim.

Ríflega tíu þúsund ný COVID-19 tilfelli hafa greinst á Indlandi frá því á mánudaginn. Heildarfjöldi smitaðra þar í landi er nú kominn yfir 53 þúsund og hafa um 1.800 látið lífið af völdum sjúkdómsins. – atv



Sjónvarpsáhorf Frakka hefur aukist og kynlíf minnkað. MYND/GETTY

Frakkar hafa þyngst um tvö og hálf kíló

FRAKKLAND Frakkar hafa þyngst um 2,5 kíló að meðaltali í útgöngubanninu vegna COVID-19 faraldursins. Útgöngubannið var sett á 17. mars, endurnýjað einu sinni en stefnt er að því að aflétta því að hluta á mánudag. Landsmenn hafa því einungis mátt fara út fyrir hússins dyr til þess að vinna, sinna bráðnaudsynlegum erindum og kaupa mat og nauðsynjar.

56%

sögdust ætla að taka sig á eftir afléttingu.

Ný könnun sýnir að inniveran hefur haft slæm áhrif á matarvenjur þjóðarinnar. Mun fleiri borða milli mála og 57 prósent hafa þyngst. Mun fleiri tileinka sér „aperó“, sem er blanda af áfengum drykkjum og smáréttum eins og snittum, ostum og kjóti.

Örlítið fleiri konur hafa þyngst en karlar en karlarnir hafa þyngst um fleiri kíló. Hóparnir sem þyngdust mest voru atvinnulausir og gift fólk með börn. 56 prósent sögdust ætla að taka sig á eftir afléttingu.

Þá hefur hreyfing minnkað mikið og sjónvarpsáhorf aukist úr 3,5 klukkutímum upp í fimm á dag. Ólíkt því sem margir hafa talið, þá hefur kynlíf snarminnkað í útgöngubanninu. 44 prósent Frakka sögdust ekki hafa stundað kynlíf í fjórar vikur, miðað við 26 prósent fyrir útgöngubannið. – khg

Johnson harðlega gagnrýndur í þinginu fyrir sein viðbrögð

Formaður breska Verkamannaflokksins gagnrýndi forsætisráðherrann hart fyrir að bregðast hægt og illa við COVID-19 faraldrinum. Þetta skilaði sér nú í hæstu dánartíðni í Evrópu. Seðlabanki Bretlands gaf í gær út kolsvarta spá þar sem kemur fram að efnahagurinn gæti dregist saman um allt að 25 prósent í vor.

BRETLAND Keir Starmer, nýr formaður Verkamannaflokksins í Bretlandi, gagnrýndi Boris Johnson af hörku, þegar þeir mættust í fyrsta sinn í óundirbúnar spurningar til forsætisráðherra í þinginu á miðvikudag. Sagði hann aðgerðirnar hafa algerlega brugðist og óskiljanlegt að Johnson stærði sig af árangrinum. „Bretland hefur nú hæstu dánartíðnina í Evrópu og þá næsthæstu í heiminum. Hvernig í ósköpunum er hægt að kalla þetta góðan árangur?“ spurði Starmer.

Dánartíðnin í Bretlandi vegna COVID-19 hefur risið hratt undanfarnar vikur, upp fyrir Frakkland, Spán og Ítalíu. Hafa nú rúmlega 30 þúsund Bretar fallið í valinn og rúmlega 200 þúsund verið greindir með veiruna. Prófanir í landinu hafa verið færri en í mörgum löndum, helmingi færri en á Ítalíu og Spáni, og almennar varúðarráðstafanir fóru seinna í gang en víða annars staðar. Þá hefur stjórnin verið harðlega gagnrýnd fyrir að sinna birgðahaldi spítalanna illa. Nýjasta dæmið er að 400 þúsund hlífðargallar, sem pantaðir voru frá Tyrklandi, reyndust ónothæfir.

Johnson svaraði með því að ekki væri tímabært að gera alþjóðlegan samburð, því öll gögn væru ekki komin fram. En Starmer benti á að stjórn Johnsons hefði margoft notað samburð við aðrar þjóðir þegar tölurnar voru ekki jafn slæmar í Bretlandi. Lofaði Johnson að verið væri að setja meira þúdur í prófanir.

Efnahagshorfur í Bretlandi eru dekkri en víðast hvar annars staðar í álfunni. Seðlabanki landsins spáði í gær að efnahagur þess gæti dregist saman um 25 prósent í vor og heildarsamdrátturinn gæti orðið 14 prósent á þessu ári. Til samanburðar má nefna að á Ítalíu er búist



Starmer og Johnson í óundirbúnum fyrirspurnum til forsætisráðherra í Westminster á miðvikudag. MYND/GETTY

við átta til tíu prósent samdrætti á þessu ári.

Kortavelta hefur dregist saman um 30 prósent og búist er við því að atvinnuleysi aukist úr tæpum fjórum prósentum í níu. Búist er þó við því að efnahagurinn taki skarpt við sér eftir áramót og verði kominn í samt lag undir lok árs 2021.

Johnson mun ávarpa bresku þjóðina á sunnudag og að öllum líkindum gera grein fyrir afléttingu útgöngubannsins sem muni þá hefjast á mánudag. Enn er ekki vitað hvernig þetta verður útfært og gæti farið svo að útfærslan yrði önnur í Skotlandi, Wales og Norður-

» **Bretland hefur nú hæstu dánartíðnina í Evrópu og þá næsthæstu í heiminum. Hvernig í ósköpunum er hægt að kalla þetta góðan árangur?**

Keir Starmer, formaður Verkamannaflokksins

Írlandi. Flest tilfelli hafa greinst í Lundúnum, Wales, Skotlandi og Lancashire í Norðvestur-Englandi. Athygli vekur þó að dánartíðnin er mun hærri á fátækari svæðum Englands, svo sem í norðvestur- og norðausturhlutanum, en á auðugri landsvæðum í suðurhluta Englands, eða 55 á hverja 100 þúsund íbúa á móti 25.

Talsmenn stjórnarinnar segja allar aðgerðir studdar vísindalegum gögnum en stjórnmalaskýrendur segja Johnson áfjadan í að koma efnahag landsins aftur í lag sem fyrst.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Lögmaður Hagens vonast til að auðkýfingurinn losni fyrir helgi

NOREGUR Tom Hagen vann áfangasigur í gær þegar lögmannsréttur Eidsifjabyings í Noregi úrskurðaði að honum skyldi sleppt úr gæsluvarðhaldi. Ákvörðunin var tekin á grundvelli þess að sönnunargögn löreglu væru ekki nægilega sterk til að halda honum í fjögurra vikna gæsluvarðhaldi. Hagen er grunaður um aðild að morðinu á eiginkonu sinni, Anne-Elisabeth, og óskaði lögreglan í Noregi eftir því að hann yrði úrskurðaður í fjögurra vikna gæsluvarðhald þegar Hagen var handtekinn 29. apríl síðastliðinn.

Tveir dómarmen af þremur mátu það svo að ekki væri hægt að réttlæta fjögurra vikna gæsluvarðhald



Norskir fjölmiðlamenn ræða við Svein Holden í gær. MYND/EP

» Tveir dómarmen af þremur mátu það svo að Hagen skyldi sleppt úr gæsluvarðhaldi þegar málið var tekið fyrir í rétti í gær.

en einn dómarmen var sammála kröfu norsku lögreglunnar.

Hagen situr enn inni enda áfrýjaði lögreglan úrskurðinum strax til hæstaréttar. Lögmaður Hagens, Svein Holden, sagðist vonast eftir því að Hagen losnaði úr gæsluvarð-

haldi fyrir helgi í samtali við norska miðilinn Aftonposten í gær.

„Ég er ekki hissa. Um leið og ég las yfirlýsingu lögreglunnar á sínum tíma fannst mér sönnunargögnin ekki nægilega sterk. Fyrst og fremst hef ég áhyggjur af því að lögreglan framkvæmi handtökur á grundvelli slíkra upplýsinga en ég reikna með að Tom verði látinn laus á morgun.“

Í samtali við fjölmiðla í Noregi furðaði Haris Hrenovica saksóknari sig á ákvörðun réttarins.

„Lögreglan tekur mark á þessari niðurstöðu en á sama tíma erum við hissa á þessari ákvörðun. Að okkar mati er ekki einhugur um þessa niðurstöðu.“ – kpt



NJÓTTU
SÓLARINNAR
ÁHYGGJULAUS

Völd og ábyrgð



Hörður Ágísson
hordur@frettabladid.is

Hvernig vindum við ofan af þeim takmörkunum sem voru settar vegna kórónaveirunnar? Það er stóra spurningin sem allar þjóðir heims leita svara við um þessar mundir.

Það er ekki einfalt verkefni – enginn vill að faraldurinn gjósi upp að nýju og stefni í hættu þeim góða árangri sem náðst hefur – en það hlýtur engu að síður að vera markmiðið að reyna að afletta öllum hömlum eins skjótt og mögulegt er. Það er forsenda þess að atvinnulífið geti á ný farið að skapa störf og verðmæti, sem er nauðsynlegt til að standa undir þeim 300 milljarða fjárlagahalla sem er fyrirsjáanlegur í ár, og koma í veg fyrir að hér myndist gríðarlegt langtímaatvinnuleysi. Við lifum ekki á peningaprentun að eilífu og það á því ekki að vera valkostur að slökkva á hagkerfinu um langt skeið.

Íslendingar hafa borið gæfu til að gripa til vægari sóttvarnaaðgerða en mörg önnur ríki. Við eigum ríka hagsmunum af því að opna landamæri landsins á ný, þótt allar varúðar sé gætt. Utanríkisráðherra hefur sagt að unnið sé að tillögum sem miða að því að heimila ferðalög til og frá landinu. Vonandi sjáum við þær verða að veruleika fyrir en síðar. Ferðaþjónustan, okkar langsamlega stærsta gjaldeyrisskapandi atvinnugrein, hefur borið uppi hagvöxt og velsæld undanfarinna ára. Það á þess vegna að vera forgangsatriði að leita allra raunhæfra leiða til að opna landið. Vissulega verður fjöldi ferðamanna aðeins hverfandi í upphafi – og það mun taka tíma áður en hann verður sá hinn sami og áður – en það skiptir samt máli að atvinnugreinin fái tækifæri til að sækja fram sem fyrst og skapa þjóðarþúinu nauðsynlegar gjaldeyriskjör.

Þegar ráðist var í umfangsmiklar takmarkanir á athafnafrelsi landsmanna í mars með samkomubanni var vísað til þess að markmiðið væri að tryggja að heilbrigðiskerfi myndi þola álagið. Það tókst, og vel það. Viðtæk sátt var um þá nálgun til að „fletja kúrfuna“, þrátt fyrir að um væri að ræða mesta inngrip í daglegt líf á friðartímum. Brýnt var fyrir fólki, sem það hefur samviskusamlega farið eftir, að hlýða læknum og lögreglu í einu og öllu. Afnáam samkomubanns virðist ætla að verða tekið í fremur varfærum skrefum og stundum er engu líkara en að ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafi ákveðið að framselja völd sín til lækna. Staðreyndin er sú að virkt smit á Íslandi er hverfandi – tilfelli voru 36 talsins í gær – og landið er í reynd lokað fyrir erlendum ferðamönnum eins og sakir standa. Erfitt er því að sjá rökin fyrir áframhaldandi hömlum á fólk og fyrirtæki hér innanlands.

Sumir hafa talað fyrir því að rétt sé að fylgja sérfræðingunum í einu og öllu. Það má setja spurningarmerki við slíka nálgun. Mikilvægt er að hafa í huga að ákvarðanir sem þessar, sem hafa valdið efnahagslegum hamförum, hljóta ávallt að vera á ábyrgð kjörinna fulltrúa. Þeirra hlutverk er að veita og meta heildarhagsmuni samfélagsins og taka ákvarðanir með hlíðsýn af því. Sóttvarnalæknir gerir tillögur til ráðherra, sem taka aðeins tillit til heilbrigðissjónarmiða, enda er það hans lögbundna hlutverk. Ráðherrar þurfa hins vegar einnig að veita og meta þær tillögur með hlíðsýn af efnahagsmálum og félagslegum sjónarmiðum. Of víðtækar skerðingar í of langan tíma, út frá þeim sjónarmiðum, geta verið afar skaðlegar heilsu og líðan fólks. Atvinnuleysi, einangrun og fátækt eru augljósar afleiðingar. Það þarf að tryggja að meðalið sé ekki hættulegra en sjúkdómurinn.



Mikilvægt er að hafa í huga að ákvarðanir sem þessar, sem hafa valdið efnahagslegum hamförum, hljóta ávallt að vera á ábyrgð kjörinna fulltrúa.

Halldór



Frá degi til dags

Pabbi Einars Áskels
Líkt og fyrrverandi samherjar Stalíns er sigarettan horfin úr munnviki Bubba á auglýsingum fyrir söngleikinn 9 lif. Auglýsingin byggði á ljósmynd Björgvins Pálssonar frá byrjun níunda áratugarins, tímabili þar sem mátti reykja en ekki drekka bjór. Áður var fjarlægður lokkur úr eyra Bubba í þeirri von að það kæmi ekki aftur í tisku. Gamlar teiknimyndir þarf reglulega að uppfæra til að mæta stöðlum nútímans, kemur þá iðulega eitthvað í staðinn. Til dæmis er pabbi Einar Áskels hættur að reykja pípu og farinn að hanga í símanum. Væri þá ekki ráð að stinga sleikjó upp í Bubba í staðinn fyrir að skilja munnvikið eftir lafandi?

Vá!
Svo virðist sem WOW air sé með lífsmarki. Michele Roosevelt Edwards, stjórnarformaður WOW air, reynir að halda því á lofti á LinkedIn. Í gær greindi frá því þar að búið væri að ráða yfirmann fyrir starfseminu í Rússlandi. Setti hún athugasemd á vegg Birgis Jónssonar, fyrrverandi aðstoðarforstjóra WOW sem er nú að endurlífuga Póstin, um að öll séum við WOW. „Nei þú ert ekki WOW Michele. Þú kannt að hafa keypt vörumerkið en þú ert eins langt frá því að vera frá anda fyrirtækisins og hægt er,“ svaraði Birgir. Vá!
arib@frettabladid.is

Fagurbleikar vatnaliljur



Hildur Björnsdóttir
borgarfulltrúi
Sjálftæðis-
flokksins

Sex ára dóttir mín sat íbygginn og myndskreytt blað. Þriggja ára systir hennar kom og krotaði yfir teikninguna. Sú er eilítið skass, með heilmikinn einbeittan brotavilja. Uppátækið kom vandvirkri eldri systur í uppnám. Teikningin þótti nú eyðilögð. Sjálfsvorkunn stóð yfir nokkra stund þar til stúlkunni varð skyndilega ljóst að krotinu mætti hæglega breyta í fagurbleikar vatnaliljur – aðeins með örlítið breyttum útlinum.

Efnahagslegar afleiðingar COVID-19 hafa verið fólk og fyrirtækjum áfall. Heimilin hafa misst afkomuna, fólk hefur orðið fyrir heilsutjóni og fyrirtæki róa lífróður. Síðustu vikur hafa sviðsmyndir breyst hratt og efnahagslæðin dýpkað. Samhlíða hefur borgarstjóri farið í felur – sem er þekkt stærð þegar á móti blæs. Nú mæðir á Reykjavíkurborg að tryggja ábyrgar og raunhæfar aðgerðir.

Síðustu vikur hefur atvinnulausum fjölgað verulega og treysta nú ríflega 50% allra fullorðinna á framfærslu ríkisins. Eitt mikilvægasta verkefnið fram undan verður uppbygging og endurheimt starfa í virku og þróttmiklu atvinnulífi. Tryggja þarf áframhaldandi húsnæðisuppbyggingu með auknu svigrúmi á byggingarmarkaði og áfangaskiptum greiðslum af byggingarétti. Rekstur nýrra leikskóladeilda mætti bjóða út og gefa einkafram-taki tækifæri til samfélagslegrar verðmætisköpunar. Ráðast mætti í atvinnuskapandi uppbyggingu á upphituum göngu- og hjólastígum. Tækifærin leynast víða.

Létta þarf álögum af fólk og fyrirtækjum. Með einföldum aðgerðum má lækka orkureikninga heimilanna. Fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði þarf að lækka strax. Láta þarf af samkeppnisrekstri borgarinnar og selja hvort tveggja, Gagnaveituna og Malbikunarstöðina Höfða. Jafnframt má sæta færiss og hefja viðræður við stærstu vinnustaði borgarinnar um sveigjanlegri vinnutíma. Reynolds síðustu missera hefur sýnt að aukinn sveigjanleiki léttir á umferðaralagi.

Við bregðumst við áföllum en eygjum jafnframt tækifærin. Af krafti má rísa úr krefjandi aðstæðum. Á botni djúprar efnahagslæðar verða framtak og framfarir að eiga öfluga viðspyrnu. Aðstæðurnar eru óvæntar, en við munum komast í gegnum þær. Ef við aðeins drögum fagar útlínur um erfiðar aðstæður – má eflaust, einhvers staðar við sjóndeildarhringinn, greina fagurbleikar vatnaliljur.



Á botni djúprar efnahagslæðar verða framtak og framfarir að eiga öfluga viðspyrnu.

weber **Heitustu grillin!**

Summit® E-670
Verð: 505.900 kr.

weber.is

Hagkvæmni smæðar

Í DAG



Þórlundur
Kjartansson

Eitt af því sem er einna óumdeildast í opinberri umræðu er hugmyndin um stærðarhagkvæmni. Það virðist nánast algjörlega óþarft að deila um það hvort betra sé að hafa hlutina færri og stærri eða fleiri og smærri. Ef hægt er að sameina til að stækka þá er það nánast alltaf álitid augljóslega skynsamlegt, en hugmyndin um að sundra til að smækka virkar hreint og beint fráleit.

Í stjórnmálum er það nánast óumdeild mantra að það sé miklu betra að hafa færri og stærri stofnanir heldur en minni einingar, sem eru oftast afgreiddar sem „óhagkvæmar“ algjörlega án þess að um það þurfi að ræða nánar. Í marga áratugi hefur umræðan um sameiningu sveitarfélaga til dæmis verið álitin ein af þeim sem sé í algjörri einstefnu, það sé ekki spurning hvort heldur hvenær smærri sveitarfélög gefist upp á sjálfstæðinu en gerist hluti af hagkvæmari skipulagsheild (oftast með leiðinlegra nafni). Í staðinn fyrir að hafa fullt af litlum bæjarstjórum í litlum ráðhúsum þá virðist lítt umdeilt að betra sé að hafa örfáa stjórnslufræðinga á ráðherralaunum í embættum bæjarstjóra að sýsla með hagkvæmnisránsóknir, ferlaúttektir, stefnumótunarinnleiðingar og miðlæga áætlanagerð. Rökréttasta niðurstaðan væri vitaskuld að halda bara áfram að sameina allar smáu og óhagkvæmu einingarnar þar til einungis ein er eftir, og leita þá eftir að sameina hana einhverju jafnvel ennþá stærra bákni þar sem hagkvæmnin myndi ríkjá ein.

Agaðir ferlar í stærri heildum

Sama hugsun ríkir vitaskuld mjög eindregið í öllu sem snýr að fyrirtækjarekstri, þar sem það þykir sums staðar varla taka því að reka eina eða tvær verslanir, hótél eða veitingastaði. Allt þarf að vera hluti af stærri heild svo hægt sé að móta verkferla, draga úr yfirbyggingu, auka hagkvæmni í innkaupum og þar frameftir götunum. Einhvern veginn virðist það vera sameiginleg niðurstaða hlutabréfamarkaðarins, bankakerfisins og ráðgjafarfyrirtækja um heim allan að það sé vitavonlaust fyrirkomulag að tugir einstaklinga um land allt reki hver sína litlu vegasjoppu, dekkjaverkstæði, veitingastað eða hótél. Allir virðast sammála um að best sé að hafa einn stóran forstjóra sem stjórnar tíu verslanastjórum, hótélstjórum eða dekkjaverkstæðisrekstraraðilum.

En víðast hvar eru takmörk fyrir hagkvæmni stærðarinnar. Fyrir utan hið augljósa, að samkeppni og samanburð þarf til þess að fólk, fyrirtæki og sveitarfélög haldi áfram að gera sitt besta—þá er auðvitað alls ekkert sjálfgefið að mantran um stærðarhagkvæmni sé endilega alltaf sönn. Í mjög stórum rekstrareiningum er fyrst og fremst áttalast til þess að starfsmenn sýni fram á hollustu og hlýðni gagnvart yfirboðurum og kerfinu. Raunverulegt frumkvæði, svo ekki sé nú talað um þrjúsku eða sérvisku, eru að jafnaði ekki sérlega eftirsóknarverðir eiginleikar á vinnumarkaði. Þetta er ekki sagt stórum fyrirtækjum til hnjóds. Þetta er einfaldlega eðli þeirra—hinn raunverulegi kjarni stærðarhagkvæmninnar er að auka aga á kostnað sköpunar. Í staðinn fyrir að hundrað manns

finni upp hjólið hver í sínu lagi, þá finnur einn upp hjólið og sýnir hinum hvernig á að búa það til. Til að ná fram hagkvæmni þarf aga en á móti kemur sá kostur að það verður ódýrara og hraðvirkara að framleiða hjólin. Kosturinn við smærri og fleiri einingar getur hins vegar verið sá að í staðinn fyrir að einn finni upp hjólið og hundrað framkvæmi, þá eru hundrað að leitast við að finna sniðugar leiðir til þess að uppfylla þarfirnar sem hjólið getur leyst. Hugsanlega munu einhverjir þeirra fá hugmyndina um hjólið, margir munu standa á gati—en auðvitað er líka möguleiki á að einhverjum takist að finna upp eitthvað allt annað en hjól; kannski kúlu—sem leysir á ennþá snjallari hátt úr viðfangsefninu sem hjólið hefði dugað í.

Hefðum við mátt spara sóttvarnalækni?

Það hefur til dæmis komið ágætlega í ljós á síðustu mánuðum að það er alls ekki sennilegt að það hefði verið mikill sparnaður í því ef Íslendingar hefðu í einhverjum hagkvæmistryllingi ákveðið leggja niður embætti sóttvarnalækni. Þó er ekki víst að það sjónarmið hefði fengið mikla viðspyrnu fyrir örfáum árum að það væri galin yfirbygging að reka slíkt embætti í svona fámennu landi þegar hver heilvita maður veit að heil öld er liðin frá síðustu alvörufarsótt.

Það sem hefði virkað sem mjög hagkvæm ráðstöfun í hagkvæmnisútreikningi hefði hugsanlega leitt til þess að á Íslandi hefði ekki verið til staðar sjálfstæður undirbúningur, verkþekking, valdskipting eða útbúnaður. Sú staða er alls ekki óhugsandi að Ísland (og mörg önnur ríki) hefði bara þurft að bíða eftir fyrirmælum annars staðar frá áður en gripið væri til aðgerða, og þá hefðu jafnvel ekki verið til taks þau tæki, tól og þekking sem þarf.

Fleiri og smærri

Í því ástandi sem nú er í atvinnulífinu mætti líka spyrja sig áþekkra spurninga. Værum við sneggri eða lengur að koma okkur upp úr COVID-kreppunni ef um land allt væru eigendur smárra fyrirtækja hver um sig að leita leiða til þess að styrkja grundvöllinn undir sínum rekstri? Eða er betra að stór fyrirtæki og hagsmunasamtök setji fram þrýsting á stjórnvöld og allir aðrir bíði í ofvæni eftir því hvaða bjargráð og úrlausnir ríkisstjórnin kynni í næsta „pakka“?

Það er nefnilega mikill munur á því að vera annars vegar starfsmaður með skyldur gagnvart yfirmanni, eða eiga raunverulegan hlut í rekstri og ákvarðanatöku; og skyldur gagnvart viðskiptavinum og samstarfsfólki.

Er víst að betra sé að sameina í stórar stofnanir verkefni sem hvert um sig býr við ólíkar þarfir, sérþekkingu og skilning? Er það endilega betra að bæjarstjórar í stórum sameiginlegum bæjum fái tölvupósta um holar í vegum eða þurfi sjálfir að keyra yfir þær á hverjum degi þangað til þeir láta laga þær? Eða er betra, þegar áföll dýnja yfir, að þeir sem fara með ábyrgð á ákvörðunum séu hugsanlega búsettir langt í burtu frá atburðunum eða sjálfir á vettvangi?

Ekkert af þessu er einfalt eða algilt. Á mörgum sviðum býður stærðarhagkvæmnin upp á óumdeilda kosti umfram smæðina. Á öðrum sviðum er það óljóst; en í ýmsum tilvikum lædist að manni sá grunur að smæðin, dreifða ábyrgðin og frumkvæðið, geti verið besta tryggingin fyrir raunverulegri hagkvæmni. Það er að minnsta kosti mikið umhugsunarefni einmitt á svona tímum hvort víða hafi verið gengið lengra í stærðarhagkvæmninni heldur en raunverulega er hagkvæmt.

Framtakssjóður fyrir ferðaþjónustuna



Kristján
Guy Burgess
ráðgjafi
um ábyrgar
fjárfestingar

Nú í vor stóð til að hefja slit á Framtakssjóði Íslands. Hann hafði þá lokið hlutverkinu sem honum var ætlað við stofnun fyrir tíu árum. Á líftíma sínum hagnaðist Framtakssjóðurinn um 47,7 milljarða og skilaði 110% ávöxtun.

Við stofnun Framtakssjóðsins í miðju efnahagshruni hétu sextán lífeyrissjóðir allt að 60 milljórdum til uppbyggingar íslensks atvinnulífs. Sjóðurinn fjárfesti fyrir 43,3 milljarða í níu fyrirtækjum. Þau voru þá í miklum vandræðum en voru endurskipulögð og komið í hendur nýrra eigenda með jákvæðum áhrifum á íslenskan vinnumarkað og atvinnulíf.

Fyrsta fjárfesting Framtakssjóðsins var fyrir 3,6 milljarða í Ícelandair vorið 2010. Félagið þurfti fjárhagslega endurskipulagningu, gengi hlutabréfa var sögulega lágt og skuldirnar miklar. Fyrir þá fjárhæð eignaðist Framtakssjóðurinn 29% hlutafjár.

Þegar Framtakssjóðurinn seldi

hlut sinn í Ícelandair í áföngum frá 2011-2014 varð 11,5 milljarða hagnaður af fjárfestingunni, eða rúm fjórföldun á því sem fjárfest var fyrir.

Reynslan af frumkvæði lífeyrissjóðanna með stofnun Framtakssjóðsins er rakin í riti eftir Ásgeir Jónsson og Alexander Frey Einarsson. Þeir fara þar yfir hvað gekk vel og hvað síður.

Niðurstaða þeirra er að framtakssjóðingastjórnir hafi hentað mjög vel sem er áhuga-verður lærdómur fyrir stöðuna í dag. Það hafi verið heppilegt fyrir lífeyrissjóðina að leggja sitt fé í framtakssjóðinn frekar en að vinna hver fyrir sig á eigin bókum.

Framtakssjóðingastjórnir séu líka góð viðbót í eignasafn lífeyrissjóðanna. Armslengdarsjóðarmið séu virt og eigendurnir sitji í ráðgjafaráði en komi ekki að einstökum fjárfestingum. Framtakssjóðnum sé treyst fyrir því. Þá sé framtakssjóður betri til að standa í endurskipulagningu á rekstri fyrirtækja heldur en bankar sem eiga í flóknari viðskiptasamskiptum við þau.

Ícelandair og fleiri fyrirtæki eiga í miklum vanda vegna kórónuveirunnar, langtímahorfurnar góðar en lausafjarstaðan veik. Ferðaþjónustan öll er í uppnámi og íslenskt hagkerfi í miklum vanda en um leið eigum við ákaflega



Ferðaþjónustan öll er í uppnámi og íslenskt hagkerfi í miklum vanda en um leið eigum við ákaflega sterka lífeyrissjóði sem eiga mikið undir því að íslenskt efnahagslíf verði ekki fyrir ofþungum skelli.

sterka lífeyrissjóði sem eiga mikið undir því að íslenskt efnahagslíf verði ekki fyrir ofþungum skelli.

Lykillinn fyrir þá er að umgjörð verkefnisins sé skýr og markmiðin klár. Ekki er hægt að heimta að lífeyrissjóðirnir komi að málum á annan hátt en að viðskiptasjóðarmið stýri ferðinni og björgunarverkefni verður að velja mjög vel.

Tíminn er peningar og nú þarf að sækja verkfærin sem dugðu best í síðasta tjóni og skoða vandlega hvort ekki sé tilefni til að endurvekja framtakssjóðsmódelið fyrir Ícelandair og einstaka önnur fyrirtæki í íslenskri ferðaþjónustu til að hún geti sótt fram og orðið sjálfbær og heilbrigð þegar veiran hefur verið lögð að velli.

VELDU GÆÐI!

Tilboð í maí

Allar tertur á 2900 kr.

Daim terta
Kaka ársins
Hindberja og súkkulaðiterta
Jarðarberjaterta.

VELJUM ÍSLENSKT

BJÖRNSBAKARI
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

.....
Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is



Ingi Þór verður ekki með KR á hliðarlínunni á næsta tímabili.

Darri Freyr tekur við KR

KÖRFUBOLTI KR hefur rift samningi Inga Þórs Steinþórssonar hjá félaginu og mun Darri Freyr Atlason, sem stýrði síðast kvennaliði Vals, taka við liðinu af Inga. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

Ingi tók við uppeldisfélagi sínu fyrir tæpum tveimur árum og stýrði liðinu til sigurs í úrslitakeppninni í Domino's-deild karla í fyrstu tilraun. Það var sjötti meistaratitill KR í röð.

Titilvörnin var stöðvuð í ár þegar KKÍ ákvað að aflýsa úrslitakeppninni og lokaumferðinni í deildinni en KR var í fjórða sæti þegar deildarkeppnin var stöðvuð.

Darri lét af störfum hjá Val á dögunum eftir að hafa stýrt liðinu til sigurs í deildarkeppninni síðustu tvö ár ásamt því að vinna fyrsta Íslands- og bikarmeistarátitilinn í sögu kvennaliðs Vals.

Darri þekkir vel til hjá KR eftir að hafa stýrt kvennaliði KR og þar áður yngri flokkum hjá KR. – kpt



Frá leik í NBA-deildinni.

NBA opnar dyrnar á ný

KÖRFUBOLTI Nokkur NBA-lið munu opna dyrnar á æfingaaðstöðu sinni og hefja æfingar í dag. Samkvæmt Washington Post er líklegt að æfingar verði ansi frábrugðnar þeim sem leikmenn þekktu áður en kórónaveiran kom fram á sjónarsviðið.

Leikmenn verða skikkaðir til að æfa með grímur og öll lið verða að sótthreinsa öll sín áhöld samkvæmt minnisblaði sem blaðið birti í gær.

» Vitað er af þrettán leikmönnum í NBA sem hafi greinst með COVID-19.

Cleveland Cavaliers, Denver Nuggets og Portland Trail Blazers byrja í dag og Houston Rockets ihugar að opna sína aðstöðu einnig.

NBA-deildin hætti keppni eftir að Rudy Gobert, stjórnumiðherji Utah Jazz, smitaðist af COVID-19 snemma í mars. Nokkrum dögum síðar kom í ljós að Gobert hafði smitað Donovan Mitchell, liðsfélaga sinn hjá Jazz, af veirunni. Mitchell og Gobert hafa báðir náð bata af sjúkdómnum. – bb



Guðni Bergsson, formaður KSÍ, er bjartsýnn á gott fótboltasumar. Hann segir að dómarmunni skrifa undir samning innan skamms. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KSÍ ekki komið með grænt ljós frá heilbrigðisyfirvöldum

KSÍ hefur sett upp drög að Íslandsmótinu í fótbolta. Félög hafa til 12. maí að skila inn athugasemdum. Ekki er þó komin heimild fyrir keppni frá heilbrigðisyfirvöldum þó að formaðurinn, Guðni Bergsson, horfi björtum augum til fótboltasumarsins. Hann býst við leikgleði enda klæi menn í fæturna.

FÓTBOLTI KSÍ hefur sent félögum drög að Íslandsmóti fyrir sumarið 2020 og hafa þau nú til 12. maí til að koma með sínar athugasemdir. „Við verðum þó að hafa í huga að það er ekki búíð að heimila keppni ennþá. Heilbrigðisyfirvöld hafa ekki opnað á það,“ sagði Birkir Sveinsson, mótastjóri KSÍ, í kynningu sinni í gær.

KSÍ boðaði til blaðamannafundar í höfuðstöðvum sínum í gær þar sem farið var yfir komandi Íslandsmót. Mikil hefur mætt á Birki að undanförunu og viðurkenndi hann að fridagur verkalýðsins hefði ekki verið nýttur til að fara í skrudgöngu enda ekki létt verk að setja saman um fimm þúsund leiki, þar af 3.780 yngriflokkaleiki.

„Að endurreiða móti er ekki létt

verk og það kemur væntanlega eitt-hvað af athugasemdum frá félögum sem þarf að taka tillit til,“ segir Birkir. „Við teygjum okkur langt til að uppfylla óskir félaganna. Við reynum það eftir fremsta megni,“ bætir hann við.

Valgeir Sigurðsson, formaður mótanefndar KSÍ, tók til máls á fundinum í gær og sagði að búíð væri að ræða Íslandsmótið oft-sinnis upp. Flækjustigið væri mikið enda margt sem þyrfti að hafa í huga. Birkir sagði í sinni kynningu að svigrúmið til að fresta leikjum væri lítið, álagið yrði mikið á vellina og ferðalögum í miðri viku í neðri deildunum myndi fjölga. Þá væru 3.800 dómarastörf en KSÍ kemur þó ekki að skipulagningu allra dómara.

» Fridagur verkalýðsins var ekki nýttur í kröfugöngu hér á bæ. Það er búíð að vinna hér mikið síðustu daga og nætur.

Birkir Sveinsson, mótastjóri KSÍ

„Fridagur verkalýðsins var ekki nýttur í kröfugöngu hér á bæ. Það er búíð að vinna hér mikið síðustu daga og nætur,“ segir mótastjórinn.

Knattspyrnudómarmar eru með lausan samning og hefur ekki verið skrifað undir. Það þarf ansi marga dómara til að dæma þá fimm þús-

und leiki sem KSÍ hefur umsýslu með. Guðni Bergsson, formaður KSÍ, segir að allt sé þó á réttri leið. „Við erum að ganga frá þeim samningum. Við erum búin að ræða við dómara og það hefur gengið vel.“

Guðni er bjartsýnn á gott fótboltasumar. „Það er búíð að vera óvissa og mörg vandamál að glíma við, bæði rekstrarlega og annars staðar. Nú held ég að allir séu tilbúnir að hefja leik og gera það besta í stöðunni. Eg get rétt ímyndað mér tilhlökkun leikmanna á öllum aldri að fara að æfa, hittast í klefanum og ég held að þetta verði skemmtilegt mót með mikilli leikgleði.“

Svo er að sjá hvort heilbrigðisyfirvöld gefi grænt ljós.

benediktboas@frettabladid.is

Conor er klár í Slagsmálaeyjuna

UFC Dana White, forseti UFC, sagði að Conor McGregor væri klár í að berjast á Slagsmálaeyjunni sem hann ætlar að leigja og gera. UFC númer 249 snýr aftur á laugar-daginn eftir COVID-19 þegar Tony Ferguson og Justin Gaethje etja kappi í Flórída, bak við luktardyr. Gaethje kemur í staðinn fyrir Nurmagomedov en hann komst ekki til landsins vegna ferðabanns.

White hefur verið með þá hugmynd í kollinum að leigja eyju einhvers staðar og láta bardagakappana berjast. McGregor, sem er ein stærsta stjarna UFC, barðist í janúar en White segir að hann sé farið að lengja eftir að komast aftur í hringinn. „Hann er búinn að vera klár í



Conor McGregor er nú farið að lengja eftir bardaga. NORDICPHOTOS/GETTY

töluverðan tíma. Hann er í formi og tilbúinn,“ sagði White við CBS.


Hann viðurkenndi þó að það væri erfitt að sjá McGregor í hringnum án áhorfenda og stuðningsmanna en þeir eru fjölmargir úti um allan heim. „Við vorum í samskiptum þar sem hann spurði mig um Slagsmálaeyjuna. Hvort hann gæti barist og hvort það yrðu aðdáendur. Hann vill berjast. Það hryggir mig óendanlega mikið að setja upp bardaga með honum án áhorfenda og aðdáenda,“ sagði White.

UFC 249 átti að halda í New York um miðjan apríl en borgin hefur farið hræðilega út úr COVID-19 faraldrinum svo það var ákveðið að færa slagsmálin til Flórída. – bb



FÖSTUDAGUR 8. MAÍ 2020

Lífsstíll



Það var heit ást við fyrstu sýn þegar þau Hanna Kristín og Litháinn Ovidíus Tbps hittust á sínu fyrsta stefnumóti í Elliðaárdalnum. MYND/OVIDÍJUS TBPS

Hamingjusöm með kærastanum Lovster

Snyrtifræðingurinn og lífskúntnerinn Hanna Kristín Didriksen hefur ástríðu fyrir heilnæmum og hamingjuríkem lífsstíl. Hún fann ástina á Tinder og saman veita þau turtildúfurnar innsýn í útlitsbætandi ferðalög og heilsufæði. ➔2

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Mér hefur alltaf fundist ég njóta forréttinda. Ég vakna hvern dag með eftirvæntingu og er fædd með innri gleði, mikla orku og forvitni fyrir lífinu. Innra með mér býr óþol fyrir hræðslu og ég vel alltaf að stíga inn í óttann og takast á við verkefni lífsins í stað þess að gefast upp. Þess vegna hef ég náð að styrkjast í stað þess að veikjast og lært hvar hamingjan liggur.“

Þetta segir Hanna Kristín

Didriksen, snyrtifræðingur og lífskúntner. Hún fékk ung áhuga á útliti, fór til náms í snyrtifræði á Englandi og dreymdi um að opna eigin stofu eftir útskrift.

„Ég er frumkvöðull að eðlisfari og vildi fara ótroðnar slóðir. Fyrsta skrefið var að leita til Bjössu í World Class og athuga hvort ég gæti fengið leigt þar herbergi. Ég fékk mér ung kort í World Class og var spennt fyrir að slá saman náðum saman og ég setti upp aðstöðu hjá þeim Dísu sem gaf mér gríðargott start. Ég leigði hjá þeim í þrjú og hálf ár og fékk því að kynna þeim báðum náði og verða partur af World Class-fjöl-

skyldunni,“ segir Hanna Kristín um tímann í World Class sem hún segir að hafi verið skemmtilegur, uppbyggjandi og sérstakur.

„Ekki bara vegna þess hversu örítt og gott fólk Bjössu og Dísu eru, heldur líka vegna möguleikanna sem opnuðust vegna þeirra aðgengilegu tenginga þar sem hálf Ísland mætti þangað daglega á æfingar og áhrifavaldar hversdagsins voru æfingafélagar. World Class er mögnuð uppfinning fólks sem hefur brennandi áhuga á fallegum, heilbrigðum líkama og velíðan í sál og sinni. Þar hef ég getað hlaðið batteriinn, haldið líkamnum í formi og fengið félagslega útrás, og þegar lífið hefur reynt á

hef ég alltaf getað skundað í World Class, svitnað út erfiðleikunum og endurheimt orkuna.“

Í baráttu við vindmyllur

Þegar Hanna Kristín var sautján ára fór hún sem skiptinemi til Lismore í Ástralíu og var þar boðið á heimakynningu á Herbalife.

„Eftir á er þessi heimakynning spaugileg því þar voru vinkona mín og vinur með jónu í annarri hendi og Herbalife-dunk í hinn og töluðu um hvað jurtir væru nú heilsusamlegar og gerðu alls konar fyrir okkur,“ segir Hanna Kristín og skellihlær.

Framhald á síðu 2 ➔

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

Framhald af forsiðu →

„Ég hafði áhuga á einföldum leiðum til næringar og vellíðunar. Því prófaði ég Herbalife-sjeika, te og vítamín í Ástralíu og fann gríðarlegan mun á daglegri líðan. Þar fékk ég ást á næringarsjeikum sem hefur fylgt mér æ síðan,“ segir Hanna Kristín.

Bókin Hættum að eldast eftir Jean Carper hafði mikil áhrif á Hönnu Kristínu.

„Bókin fjallar um ofskömmtun vítamína og steinefna. Sem starfandi snyrtifræðingur var ég í kjörastæðum til að sjá afleiðingar mataræðis og lífsstíls á yfirborð húðar. Það fór ekki á milli mála að samspil daglegra athafna, lífsstíls, líðanar og yfirborðstengdra lausna var nauðsynlegt til að varanlegur árangur næðist,“ upplýsir Hanna, sem eftir fimmtán ára starf sem snyrtifræðingur missti áhuga á að vinna einungis við það að selja viðskiptavinum yfirborðstengdar húðmeðferðir.

„Ég hafði áttað mig á að viðskiptavinir voru ekki opnir fyrir því að meira þyrfti til en maska, krem og hreinsi til að koma húðinni í gott ástand. Ég ákvað því að berjast ekki við vindmyllur heldur færa mig um set og ná mér í nýja reynslu og enn frekari þekkingu.“

Missti tókin á tilverunni

Árið 1997 var upphaf mikilla breytinga í lífi Hönnu Kristínar.

„Fram að því hafði ég verið á mikilli siglingu og vann eiginlega yfir mig. Ég var að byggja upp fyrirtæki en kunní ekki að finna jafnvægi á milli vinnu og frítíma. Ég hafði gefið alltof mikið eftir til að þóknast þörfum og viðhorfum

annarra og innra með mér var sívaxandi svartnætti. Árið 1998 eignast ég mitt fyrsta barn, varð einstætt foreldri, missti atvinnu-öryggið, öll tók á útliti minnu og þetta var líka tímabil þar sem ég gerði mér grein fyrir að tengingu við aðra var mjög ábótavant. Þegar ég lít um öxl sé ég að hræðsla, vonbrigði, vonleysi og úrræðaleyfi einkenndu tímabilið frá 1998 til 2003,“ segir Hanna.

„Bjúgur, bólgur og vanlíðan voru daglegt brauð og hamingju-dúskurinn ég var orðin uppfull af sjálfshatri. Ég þoldi ekki að líða svona illa né líta svona út, ég þoldi ekki lifnaðarvenjur mínar né að vera fangi í eigin líkama. Því var ég í sífelldri leit að lausnum því úr þessu ástandi skyldi ég komast. Ég vissi að eina leiðin til að mér færi að líða betur væri að komast í betri tengingu við sjálfa mig en ég kunní engar leiðir þangað til baka.“

Árið 2003 tók Hanna af skarið.

„Ég tók ákvörðun um að hefja nýjan kafla í mínu lífi. Sá umbreytingatími stendur enn yfir og klárt mál að þarna hófst tímabil sem skilaði mér æ nær sjálfri mér. Breytingarnar tóku á, enda voru þær margþættar, en mér var alveg sama. Ég var bara ákveðin í að þær skyldu fá sinn farveg. Skammtíma-úrræði voru ekki í boði, mig langaði í viðtæka breytingu þar sem hamingja, styrkur og lausnamiðuð hugsun yrðu uppskeran. Ég fór að skilja að endalaust fix, sefjun og megrunarkúrar voru skammtíma-launir og það að setja fókussinn bara á lækandi kílóatölu skilaði líkamanum eins og uppröknuðum teygjusokk í útliti og geðslagi sem ég kalla í daglegu tali geðkrumpu,“ útskýrir Hanna Kristín. Hún vissi



Hanna Kristín stundar hreyfingu af ýmsu tagi dag hvern. Hún er mikil útivistarkona og notar hvert tækifæri til að ferðast um landið sitt fagra og benda fylgjendum sínum á áhugaverða áfangastaði. MYND/OVIDIUS TBPS

að aðrar ástæður lágu að baki því að hún missti tók á útlitinu.

„Ég hafði komið mér í sársauka og vanlíðan sem voru afsprengi hugsana sem einkenndu kvíða-bundið ferli þar sem ég notaði mat til að róta taugarnar. Síðan ætlaði ég að laga allt með því að grennast í hvelli en á því ferðalagi skildi ég að útlitið eitt og sér getur aldrei gefið heildarhamingju. Þar með stillti ég seglin á breytingar sem hefðu varanleg áhrif á vel-líðan, útlit og heilbrigði. Ég hafði á hreinu að offita, veikur líkami, geðkrumpa eða hvers kyns óværa væru afleiðingar slæmra lífshátta,“ segir Hanna sem hefur nú upp-götvað grunn að góðri líðan.

„Hann felst í samspili góðra hugsana, mataræði sem inniheldur færri en vel samsettar hitaeyningar, hreyfingu sem reynir á og gefur vellíðan, tíma sem eytt er í áhugamál og hvíld þar sem ég leyfi mér að elska meira og vera elskuð. Mig langar að eldast hægt en eldast samt. Mig langar líka að hvíla því að þegar kinnarnar eru rauðar, sviti sprettur út um húðina og maður verður andlaus af áreynslu; það er akkúrat rétta ástandið til að bæta útlit sitt og líðan.“

Ástfangin upp fyrir haus

Komin eru átján ár síðan Hanna Kristín tók lífsstílinn í gegn.

„Ég fékk líka mikinn áhuga á góðum og hjartahlýjum samskiptum og fór skoða hvers vegna ég þurfti svo oft að hafa rétt fyrir mér á kostnað þess að aðrir hefðu rangt fyrir sér. Ég vildi skilja hvers vegna

samþykki annarra var mér svo mikilvægt og gerði mér grein fyrir að ég þyrfti að læra betri samskipti við sjálfa mig og aðra til að líða og ganga betur í lífinu. Í kjölfarið fór að veita sjálfri mér meiri athygli, áheyrn og viðurkenningu því einmitt það skorti mig frá öðrum. Því meira sem ég gaf sjálfri mér gaum, því meira átti ég aflögu handa öðrum og smám saman hvarf þessi knýjandi þörf á viðurkenningu annarra,“ segir Hanna Kristín.

Hún vekur hvarvetna athygli fyrir geislandi fegurð og hreysti. „Flesta daga er ég sát við spegilmyndina og sé þar dúsk sem elskar lífið og lærdóminn sem því fylgir. Ég sé einstakling sem hefur mikið að segja og mikið að gefa og sem langar að heimurinn sé fríðsæll, góður og fallegur,“ segir Hanna Kristín, full þakklætis fyrir lífsins gjafir; fjölskylduna, heilbrigð börn sín, kærastann og alla sem hafa auðgað líf hennar, en líka mót-lætið.

„Í mínu lífi er ekkert of né van. Allt þarf að eiga sér eðlilegt jafnvægi og auðvitað er ég ekki alltaf sterk eða með öll svörin. Ég verð þreytt, lítill, heyrnarlaus, leið og skilningssljó. Ég verð líka sár, svekkt og óréttlát. En eitt veit ég í dag, sem ég vissi ekki þá, að lækningin felst í að taka sér hvíld og það er að leggja mig, taka léttan göngutúr, dansa eða kyrra aðeins hugann. Líka að það er fátt betra en að geta leitað á náðir þeirra sem ég treysti og elska mest, að kúra í örmum kærastans og eiga vin-konur sem eru til staðar þegar mig

vantar að ausa úr safnarannum. Það er ómetanlegt,“ segir Hanna sem tekur líka daga þar sem hún gefur aganum lausan taum.

„Þá borða ég það sem mig langar í og tek daga þar sem við elskumst út í eitt og gerum ekkert annað en að kyssast og dást hvort að öðru. Stundum förum við á fjöll og þurfum á engu að halda nema að vera ein og ekki með þúsund skyldur á herðunum. Ég kem alltaf til með að vilja fá allt af öllu sem lífið hefur upp á á bjóða.“

Hanna Kristín fann draumamanninn á Tinder fyrir rúmu ári.

„Kærastinn er frá Litháen og kom alveg „ready made“, eins og grískur guð,“ segir hún og brosir. „Okkar fyrsta stefnumót var í Elliðaárdalnum. Eftir tveggja mínútna göngu lítur hann á mig og spyr: „Má ég ekki leiða þig?“ Og ég horfði á þennan fallega mann og hugsaði: „Ómægð, ef þetta verður eina tækifærið til að leiða þennan fallega dúsk ætla ég sko ekki að missa af því, sagði bara já og rétti honum hönd mína. Þegar við gengum upp að rómantískum fossinum tyllti hann sér á stein en sagði hann óhreinan. Hvort ég vildi ekki tylla mér í fang hans, sem og ég gerði. Þennan dag urðum við ástfangin upp fyrir haus. Ég er yfir mig hamingjusöm og kalla hann Lovster,“ segir hún hlæjandi sæl.

Fylgstu með Hönnu á Instagram: hannadidrix og snyrtitattoo.

Lengri útgáfu af viðtalinu má sjá á fréttablaðið.is

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA



Nýjar umbúðir

Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteíninnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA. Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is

Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

Mest selda liðbættiefni á Íslandi

LÍÐVERKIR, STIRÐLEIKI EÐA BRAK Í LIÐUM?



2-3ja mánaða skammtur í hverju glasi

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is, s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5768 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

KORTA leitar eftir kraftmiklu og drífandi starfsfólki

KORTA er ört stækkandi þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í greiðslumiðlun. Fyrirtækið starfar á grundvelli leyfis frá Seðlabanka Íslands og sinnir færsluhirðingu fyrir alþjóðlegu greiðslumiðlunarkerfi Visa og Mastercard. Mikil framþróun er í greiðslumiðlun og fjártækni. Við leitum að fólki sem vill starfa í krefjandi umhverfi og taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækisins á þeim vettvangi. Mikil áhersla er lögð á frumkvæði, metnað og öguð vinnubrögð.

Viðskiptastjóri – Sölusvið

KORTA leitar eftir kraftmiklum og drífandi viðskiptastjóra. Starfið felur í sér markaðssetningu og sölu á greiðslumiðlun, þjónustu og samskipti við viðskiptavinum, ásamt greiningu vaxtatækifæra og vöruþróun.

Menntunar- og hæfniskröfur

- »» Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur
- »» Reynsla af markaðs- og sölustörfum er æskileg
- »» Þekking og reynsla af störfum á fjármálamarkaði eða færsluhirðingu kostur
- »» Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- »» Greiningarhæfni og tölvulæsi

Hugbúnaðarsérfræðingur

Öflugur og úrræðagóður einstaklingur óskast í þróunarteymi til að taka þátt í þróun og útfærslum á greiðslulausnum fyrirtækisins, ásamt sjálfvirknivæðingu á SDLC ferlinu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- »» B.Sc. í tölvunarfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- »» Þekking á PCI DSS staðlinum er kostur
- »» Þekking á Kubernetes og Docker, ásamt Datadog eða ELK
- »» Þekking á rekstri Linux og Windows þjóna
- »» Kunnátta í Java, Spring-Boot, Unit testing, Continuous integration og SQL reynsla

Kerfisstjóri

Við leitum að öflugum og úrræðagóðum einstaklingi í þróunarteymi til að taka þátt í kerfisrekstri, hönnun og uppbyggingu innviða fyrirtækisins. KORTA starfar eftir PCI DSS staðlinum, sem byggir á öflugu öryggi í rekstrarumhverfi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- »» B.Sc. í tölvunarfræði eða sambærileg menntun/reynsla sem nýtist í starfi
- »» Góð þekking á sjálfvirknivæðingu rekstrarumhverfa
- »» Góð þekking á Docker, Kubernetes ásamt Datadog eða ELK
- »» Yfirgripsmikil þekking á rekstri Linux netþjóna
- »» Þekking á rekstri Windows netþjóna
- »» Þekking á PCI DSS staðlinum er kostur

Sérfræðingur í áhættustýringu

KORTA leitar að starfsmanni í áhættustýringu. Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf í alþjóðlegum og áhugaverðum geira. Starfið krefst frumkvæðis og hæfileika til að laga sig að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum. Í starfinu felst einkum vöktun og greining áhættu, ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

Menntunar- og hæfniskröfur


- »» Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- »» Þekking og reynsla af störfum á fjármálamarkaði eða færsluhirðingu kostur
- »» Hæfni í gagnagreiningu (þekking á forritun er kostur)
- »» Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- »» Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- »» Mjög gott vald á íslensku og ensku

Umsóknir skulu sendar á netfangið jobs@korta.is merktar heiti starfs sem sótt er um. Hverri umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni.

Umsóknarfrestur er til og með **22. maí 2020**. Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.

KORTA

Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík / 558 8000 / korta@korta.is / korta.is



Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald

Rétta ehf.

Suðurlandsbraut 32
108 Reykjavík, Ísland

GSM. 00354 854 8080
Sími. 00354 516 8080

www.retta.is
olafur@retta.is



RÉTTA- BÓKHALDSPJÓNUSTA.

Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldspjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

867-2555- SÍMASPÁ

Opið frá kl. 14 alla daga. Hekla.

Múrara

Rúnar múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:780-2838

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt
& Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM
ÚT Á: GULL, DEMANTA,
VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Húsnæði í boði

Til leigu lítil 2ja herb. íbúð í hverfi 104 Rvk, leiga 135 þús á mán, hiti innfalinn. Uppl. s:822-0562.

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

Fundir

FUNDARBOD.

Aðalfundur Sálarrannsóknarfélags Íslands verður haldin 14.mai 2020 kl. 19.30 í Hamborg 1. Kópavogi.

Einungs 50 manns geta sótt fundinn svo skrá þarf þátttöku fyrir fram með því að senda póst á srfi@srfi.is.

Dagskrá
1. venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál
Hvetjum félagsmenn til að mæta og skrá sig sem fyrst

Með góðum kveðjum
Stjórn Sálarrannsóknarfélags Íslands



Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

Endurbætur á kísilverksmiðju

Stakksbergs í Helguvík

Stakksberg ehf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um endurbætur á kísilveri í Helguvík, Reykjanesbæ.

Kynning á frummatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 8. maí 2020 til 26. júní 2020 á eftirtöldum stöðum: Á bæjarskrifstofu Reykjanesbæjar og í Þjóðarborghlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar: www.skiplag.is.

Athugasemdafrestur: Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 26. júní 2020 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skiplag.is.



AUGLÝSING UM SKIPULAG - VESTMANNAEYJABÆR

Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti á fundi sínum þann 30. apríl 2020 að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir athafnasvæði AT-1 sbr. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt samþykkti Bæjarstjórn að falla frá fyrri tillögu að deiliskipulagi svæðisins dags. 8. júlí 2019.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir austurhluta athafnasvæðis AT-1 og hluta miðsvæðis M-1. Skipulagssvæðið afmarkast af Heiðarvegi til austurs, Norðursundi og aðliggjandi deiliskipulagsmörkum til norðurs, Flötum og lóðamörkum Heiðarveggar 14 og Faxastígs 36 til vesturs og Faxastíg til suðurs. Deiliskipulagssvæðið er um 2,7 ha að stærð. Tillagan er sett fram í greinargerð og á uppdrætti í mkv 1:1000, dags. 20. apríl 2020. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan verður til sýnis hjá umhverfis- og framkvæmdasviði Skildingavegi 5, frá og með 8. maí 2020 til og með 19. júní 2020. Tillagan verður einnig birt á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar www.vestmannaeyjabær.is undir Skipulagsmál.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna þarf að skila skriflega eigi síðar en 19. júní í afgreiðslu umhverfis- og framkvæmdasviðs Skildingavegi 5, eða á netfangið bygg@vestmannaeyjar.is

4. maí 2020

Skiplagsfulltrúi Vestmannaeyja

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

SKIPULAGSBREYTING

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu við Hjallabraut.

Á fundi bæjarstjórnar þann 29. apríl sl. var lagður fram 5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 21.apríl sl. "Á fundi bæjarstjórnar þann 5. feb. s.l. var Hjallabraut, deiliskipulagsbreyting vísað aftur til skipulags- og byggingarráðs. Lögð var fram breytt tillaga sem gerir ráð fyrir fækkun á húsum. Lagður fram endurgerður deiliskipulagsuppdráttur dags. 02.04.2020 sem tekur mið af fækkun húsa og framkomnum athugasemdum. Skipulags- og byggingarráð samþykkir breytta tillögu að deiliskipulagi og að auglýsa hana í samræmi við 41.gr. skipulagslaga og vísar erindinu til bæjarstjórnar." Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs með 9 atkvæðum.

Tillagan gerir ráð fyrir nýrri byggð sem er að meginhluta staðsett þar sem núverandi mön er meðfram Hjallabraut. Svæðið er við jaðar Víðistaðatúns, vestan við Skátaheimilið. Mörk breytingarinnar afmarkast af Hjallabraut í vestur, aðalgöngustíg í austur, hringtorgi til norðurs og bílastæðum við skátaheimilið og göngustíg til suðurs. Gert er ráð fyrir tveim raðhúsum, tveggja hæða, og þrem einbýlishúsum á einni hæð, alls 10 íbúðir. Svæðið sem um ræðir er hluti af deiliskipulagi Víðistaðasvæðis sem samþykkt var í bæjarstjórn þann 4. mars 2003. Samhliða auglýsingu á breyttu deiliskipulagi íbúðarsvæði í Norðurbæ verður mörkum deiliskipulags fyrir Víðistaðasvæði breytt til samræmis.

Vakin er athygli á að í auglýsingu er tillaga að aðalskipulagsbreytingu vegna breytttrar landnotkunar við Hjallabraut í samræmi við 31.gr. skipulagslaga 123/2010. Auglýsingartími er frá 02.04.- 15.05.2020. Athugasemdafrestur hefur verið framlengdur til og með 02.06.2020.

Íbúafundur. Boðað er til íbúafundar vegna framangreindrar skipulagsvinnu þann 12. maí frá kl. 16.30 - 18.00 að Norðurhelli 2. Fundur verður einnig í beinu streymi á vef og Facebook.

Tillaga ásamt fylgigögnum er til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2 frá 08.05.-19.06.2020. Hægt er að skoða gögnin á www.hafnarfjordur.is undir íbúar/skiplag í kynningu. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar í síðasta lagi 19. júní 2020. Athugasemdir óskast sendar á skiplag@hafnarfjordur.is eða á:

Hafnarfjarðarkaupstaður
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður



HAFNARFJÖRÐUR

585 5500 hafnarfjordur.is

AUGLÝSING UM SAMÞYKKT OG GILDISTÖKU DEILISKIPULAGS Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum þann 20.02.2020 eftirfarandi deiliskipulag:

Nýtt deiliskipulag Lundahverfis

Deiliskipulagið nær yfir Lundahverfi í Garðabæ, sem byggðist að mestu upp á árunum 1967 til 1975. Á svæðinu eru 218 íbúðir, að mestu einbýlis- og raðhús. Innan svæðisins er einnig leikskólinn Lundaból, tvö leiksvæði og puttúllur. Deiliskipulagið gerir m.a. ráð fyrir stækkuðum byggingarreit við raðhús í Reynilundi 11-17 fyrir viðbyggingar. Við gildistöku þessa nýja deiliskipulags fellur úr gildi deiliskipulag puttúllar við Vífilstaðaveg sem er nú innan deiliskipulagssvæðis Lundahverfis.

Tillagan hefur öðlast gildi og var auglýsing birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 6. maí 2020 nr. 418/2020.

Í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er niðurstaða bæjarstjórnar hér með auglýst. Staðfestar tillögur eru aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar.

Ákvarðanir bæjarstjórnar um deiliskipulagsáætlanir eru stjórnvaldsákvæðanir sem eru kærarlegar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku deiliskipulagsáætlunar í B-deild Stjórnartíðinda.





VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI

Við höfum opnað glæsilega nýja verslun Hästens að Faxafeni 5.
Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmana.
Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.



Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við ópreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn. Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE®

Hästens 
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík 588
8477

AFGREIDSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

**Betra
BAK**

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1835 Fyrstu ævintýri H.C. Andersen eru gefin út í Danmörku, þar á meðal Eldfærin og Prinsessan á bauninni.

1933 Mohandas Gandhi hefur þriggja vikna hungurverfall til að mótmæla kúgun Breta á Indlandi.



1945 Síðari heimsstyrjöldinni lýkur í Evrópu með uppgjöf Þjóðverja.

1970 Tólfra og síðasta breiðskífa Bítlanna, Let It Be, kemur út.

Ákveðin viðurkenning

Tímamót urðu hjá Brunavörnum Suðurnesja nú í vikunni þegar fyrsta konan fékk þar fastráðningu, ásamt fimm karlkyns félögum sínum. Hún heitir Jóhanna Jóhannsdóttir.

Þetta er auðvitað visst öryggi og ákveðin viðurkenning, segir Jóhanna Jóhannsdóttir um fastráðningu sína við Brunavarnir Suðurnesja nú í vikunni. Hún er fyrsta konan sem nær þeim áfanga og var þar í hópi fimm karla. Hún kveðst líta björtum augum til framtíðar. Þó hafi hún ekki verið á neinu flæðiskeri stöð heldur starfað í fastaliði Brunavarna Suðurnesja frá því í maí 2018 og gengið þar fimm tólf tíma vaktir á viku, ýmist að nóttu eða degi. Áður vann ég sem sjúkraliði á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja," upplýsir hún.

Jóhanna segist kunna mjög vel við sig í brunaliði Suðurnesja. „Þetta er fjölbreytt starf sem snýst bæði um sjúkraflutninga og eldútköll – meirihlutinn um sjúkraflutninga. Svo koma rólegri stundir inn á milli. Takturinn hefur verið öðruvísi núna á COVID-tímabilinu en áður og við þurftum að breyta ýmsum verkferlum eins og fleiri. Hver sjúkraflutningur hefur tekið lengri tíma vegna aukinnar varúðar. Við klæðumst sérstökum hlífðarbúningum og erum með grímur og gleraugu og svo þarf að sótthreinsa allan búnað af enn meiri vandvirkni en venjulega, þannig að við getum lent í margra klukkutíma útköllum," lýsir Jóhanna og bætir við: „Smám saman dregur samt úr þessum ráðstöfunum eftir því sem kórónaveirusmitum fækkar.“

Spurð hvort það hafi verið draumur hennar þegar hún var litil stúlka að verða slökkviliðskona, svarar hún: „Nei, ég sá aldrei fyrir mér að ég færi í eitthvað tengt heilbrigðiskerfinu. Ég var með sprautufóbíu. Svo bara manaði ég sjálfa mig í þetta. Var að vinna á hjúkrunarheimili í sex ár og ákvað þá að fara í sjúkraliðanám. Vann mig í gegnum það og starfaði við það fag eins og ég gat um áðan. Síðan kveikti þetta sjúkraflutninga- og slökkviliðsstarf áhuga minn og ég skellti mér í þriggja ára nám í því árið 2017. Eftir það varð ekki aftur snúið og ég er ánægð með hvar ég er stöð.“

Jóhanna segir Sjúkraflutningaskólan vera með höfuðstöðvar á Akureyri en bjóða upp á kennslu víðar um land. „Ég tók staðarloturnar í Sandgerði og bóklega slökkviliðsnámið í fjarnámi frá Mannvirkjastofnun en verklega námið við Brunavarnir Suðurnesja, þannig að námskerfið er víðtækt og þægilegt.“



„Hugurinn þarf að vera á réttum stað svo maður standi vel að þeim verkefnum sem mæta manni daglega," segir Jóhanna um verkefni sín hjá Brunavörnum Suðurnesja.



Ég sá aldrei fyrir mér að ég færi í eitthvað tengt heilbrigðiskerfinu. Ég var með sprautufóbíu.

Hún viðurkennir að sterkar taugar þurfi til að sinna útköllum, hvort sem um eld eða slys er að ræða. „Hugurinn þarf að vera á réttum stað svo maður standi rétt að þeim verkefnum sem mæta manni hverju sinni. Í okkar stétt er góð samvinna, við erum sex á hverri vakt og vinnum allt í teymi, því á allt að geta gengið smurt.“

gun@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 8. MAÍ 1957

Helen Keller heillar Íslendinga

Hin bandaríska baráttukona Helen Keller (1880–1968) var stöðð á Íslandi þennan dag árið 1957 í boði Málleysis-ingjaskólans og Blindravinafélagsins.

Hún hafði misst sjón og heyrn þegar hún var eins árs, en ung lærði hún að skilja fingramál í lófa. Með ótrúlegum dugnaði tókst Helen Keller svo að læra að tala, eftir tíu ára aldur.

Hún gekk í háskóla, hafði unun af heimspeki, sem hún sagði gera líf sitt fegurra og hún lærði að tala eða skilja sex tungumál. Þetta allt þakkaði hún Anne Sullivan kennara sínum. Hún varð um leið fyrsta daufblinda manneskjan sem lauk Bachelor-námi.

Helen Keller var eftirsóttur fyrirlesari. Hún talaði fyrir réttindum fatlaðra og barðist líka fyrir kosningarétti kvenna og rétti til fóstureyðinga. Hún skrifaði bækur og starfaði ekki síst í þágu þeirra sem svipað var ástatt fyrir og henni.

Hér á landi hélt hún meðal annars erindi fyrir almenning í Hátíðasal háskólans og heillaði þá sem hlýddu á fyrirlestra hennar.



Helen lét sjón- og heyrnarskerðingu aldrei stöðva draumana. MYND/GETTY



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hildur Gunnarsdóttir

Vallarbraut 10,

lést fimmtudaginn 7. maí á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Útför hennar verður auglýst síðar.

Vilhjalmur Albert Skarphéðinsson

Erla Björk Vilhjálmsdóttir

Baldvin Rúnar Vilhjálmsson

Guðmundur Jóhann

Hjaltested

Sigrún Jóelsdóttir

Sjöfn Sóley Guðlaugsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Guðrún Guðmundsdóttir

(Rúna)

Fædd: 04.12.1944

Látin: 24.04.2020

lést á heimili sínu, föstudaginn 24. apríl.

Í ljósi aðstæðna verður eingöngu nánasta fjölskylda viðstödd útförina sem fer fram fimmtudaginn 14. maí.

Rúna Rut Ragnarsdóttir

Guðmundur Arnarson

Tómas Ingason

Sigurros Hreiðarsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Þorsteinsson

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 23. apríl sl.

Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Inga Hulda Eggertsdóttir

Eggert Guðmundsson

Þorsteinn Guðmundsson

Sigurður Ingi Guðmundsson

Guðmundur Lárus Guðmundsson

Erla Guðmundsdóttir

Guðrún Magna Guðmundsdóttir

Vhian Golosino Lenogao

Herborg Þorgeirsdóttir

Jón Guðmundsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar ástkæri,

Ingólfur Magnússon

Vikurgili 19 á Akureyri,

lést þann 16. apríl á Öldrunarheimili Akureyrar, Hlíð. Í ljósi aðstæðna fer útförin fram í kyrrþey þann 8. maí.

Starfsfólki Furuhlíðar eru færðar alúðarþakkir fyrir einstaka aðhlyningu í krefjandi aðstæðum.

Jenný Karlsdóttir

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir

Bjargey Ingólfssdóttir

Magnús Ingólfsson

Karl Ingólfsson

Dagbjört Ingólfssdóttir

Brynjar Bragason

Brynjar Hólm Bjarnason

Jóhanna Sveinsdóttir

barnabörn og langafabörn.



Upphaf nýrra **drauma!**



Ergomotion

Góður nætur svefn er lykillinn að góðum morgundegi.
Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion.
Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá pokagormum yfir í náttúrulegar latexdýnur eftir því hvað hentar þínum þörfum.

Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.



VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Reykjavík ☀️ 8 2 °C °C	Ísafjörður ☀️ -1 4 °C °C	Akureyri ☁️ 2 4 °C °C
Egilsstaðir ☁️ 2 8 °C °C	Kirkjubæjarkl ☁️ 7 1 °C °C	Hveravellir ☀️ -2 7 °C °C

Norðaustan 3-10 í dag. Þykkar upp syðst á landinu með skúrum eða éljum, léttskýjað vestan til en styttr upp að mestu fyrir norðan. Hiti nálægt frostmarki norðaustan til, en að 10 stigum yfir daginn sunnan heiða.

Laugardagur

Reykjavík ☀️ 7 3 °C °C	Ísafjörður ☁️ 0 2 °C °C	Akureyri ☀️ 2 2 °C °C
Egilsstaðir ☁️ 2 4 °C °C	Kirkjubæjarkl ☁️ 2 2 °C °C	Hveravellir ☀️ -3 5 °C °C

Sunnudagur

Reykjavík ☀️ 6 3 °C °C	Ísafjörður ☁️ 2 5 °C °C	Akureyri ☀️ 2 2 °C °C
Egilsstaðir ☀️ 1 2 °C °C	Kirkjubæjarkl ☁️ 5 2 °C °C	Hveravellir ☀️ 0 4 °C °C

LÉTT

3	1		5				
	9			4	8	6	
	4	7		8	3	9	
7				9	6		3
	3		1		2		
8	5			4	7		2
		4					8 7
				7	1		5
1							

MIDLUNGS

	6			9	5		
7			4				3
	9			1	4		7
		9			7		
3			7		5		2 1
					2		
	1	4	8			5	9
		5	2		4		6
8				6		3	4

PUNG

		2		3				9	
					6				7
				9	2	4			6
							5	3	
9			4	1	8				
7					9			8	2
		4					7		1
	7						8		
3	1								

Krossgáta

- LÁRÉTT**
- útsær
 - hyggja
 - nóta
 - spil
 - stafur
 - mismunur
 - ruddi
 - vegur
 - síðast
 - skrípaleikur
- LÓDRÉTT**
- dreifa
 - þjappaði
 - rökkur
 - tálknblöð
 - einleikari
 - húsnæðis
 - hluta
 - stafur
 - tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. úthaf, 5. trú, 6. sár, 8. dóminni, 10. eð, 11. bl, 12. burt, 13. lóð, 15. arfars, 17. farsl. LÓDRÉTT: 1. útdella, 2. tróð, 3. húm, 4. fanir, 7. sölist, 9. íbúðar, 12. bira, 14. eft, 16. ss.

Skák Gunnar Björnsson

Levon Aronian (2.773), Evrópuúrvalinu, átti leik gegn Santosh Guirathi Vidit (2.726), Indlandi, í Þjóðakeppni FIDE sem fram fer á Chess.com.

Hvítur á leik



47. b4! axb3 48. Bb2! Hvíta a-peðið verður ekki stöðvað. Vidit reyndi 48...h5 en lagði upp laupana eftir 49. g5! h4 50 a4 Kg8 51. a5 Kh7 52. a6 Bd1 53. Kxd1 d2 53. Dxc7+! Dxc7 54. Bxc7 Kxc7 55. Kxd2. Kinverjar eru efstir þegar sex umferðum af tíu er lokið.

www.skak.is: Þjóðakeppni FIDE.

3	1	2	9	8	4	6	7	5
6	4	8	2	7	5	9	3	1
5	7	9	1	3	6	4	8	2
4	2	5	8	9	3	7	1	6
9	3	6	4	1	7	2	5	8
7	8	1	5	6	2	3	9	4
1	5	4	3	2	9	8	6	7
8	9	7	6	4	1	5	2	3
2	6	3	7	5	8	1	4	9

3	6	8	4	7	9	5	1	2
9	7	1	5	3	2	6	4	8
2	4	5	6	8	1	7	9	3
1	9	2	7	6	3	4	8	5
4	3	6	8	1	5	9	2	7
8	5	7	2	9	4	1	3	6
5	2	3	9	4	7	8	6	1
6	1	4	3	5	8	2	7	9
7	8	9	1	2	6	3	5	4

4	9	6	1	2	7	5	3	8
1	3	5	6	4	8	9	2	7
7	8	2	3	9	5	1	4	6
5	4	8	7	1	9	2	6	3
9	6	7	2	8	3	4	5	1
3	2	1	4	5	6	7	8	9
2	7	3	5	6	1	8	9	4
6	5	9	8	7	4	3	1	2
8	1	4	9	3	2	6	7	5

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

Slitrótt feðginasamband greri



Faðir leik- og söngkonunnar **Puríðar Blævar Jóhannsdóttur**, Jóhann Vísir Gunnarsson, skrifaði sig aftur inn í líf hennar þegar hann fékk krabbamein og hún varð ólétt. Slitrótt sambandið tók á sig nýja mynd og þrátt fyrir að Jóhann hafi ekki náð að verða afi barnsins spilaði hann veigamikið hlutverk í lífi þess.

Íslendingurinn á bak við töfra Disney

Karl Gústaf Stefánsson tók þátt í uppgangi Disneykvikmyndaversins á fjórða áratug síðustu aldar og gekk undir viðurnefninu Cartoon-Charlie. Eftir hann liggja þekktar persónur eins og Mjallhvít, Kalli kanína og sjálfur Stjáni blái. Nú er í bígerð kvikmynd sem byggð verður á ævi hans.

Góð tilfinning að opna á ný

Nú þegar hömlur samkomubanns hafa verið léttar eru eigendur fyrirtækja að opna dyr þeirra á ný en oft er það með breyttu sniði í ljósi áframhaldandi regna um fjöldatakmarkanir. **Hrefna Rósa Sætran** er ein þeirra, en hún á og rekur tvo veitingastaði.



Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi



Í KVÖLD 19:00

Sápan

Glæný íslensk þáttaröð þar sem sögusviðið er Ísland samtímans. Söguhetjur okkar takast á við núverandi ástand í samfélaginu á afar ólíkan hátt. Einkalífið þeirra allra flækist til muna og ólíkar áherslur í daglega lífinu gera það enn flóknara. Fjöldi þjóðþekktra einstaklinga bregður fyrir í þáttunum og áhorfendur geta haft áhrif á framgang mála.

stod2.is 1817

**Hvað?
Hvenær?
Hvar?
Föstudagur**

hvar@frettabladid.is

8. MAÍ 2020

Tónleikar

Hvað? Frelsissveit Nýja Íslands
Hvenær? 20.00
Hvar? Múlinn Jazzklúbbur, Flói, jarðhæð Hörpu
Á efnisskránni verða tvö ný verk eftir Hauk Gröndal og Óskar Guðjónsson en einnig verða verk af eldri efnisskrám færð í nýjan búaing. Frelsissveitina skipa nokkrir af fremstu djasstónlistarmönnum Íslands.



Pétur H. Ármannsson skrifar um **Guðjón Samúelsson** arkitekt.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fjórutíu og fimm fjölbreytileg verk

Miðstöð íslenskra bókmennta hefur úthlutað 28 milljónum króna í almenna útgáfustyrki til 45 verka – og er það tveggja milljóna króna hækkun frá síðasta ári þegar 26 milljónir voru veittar til útgáfu 43 verka. Bækur um bókmenntir, náttúru, byggingarlist, sagnfræði, tungumál og fleira fá útgáfustyrk.

Meðal verka sem hlutu útgáfustyrki í ár eru Guðjón Samúelsson arkitekt eftir Pétur H. Ármannsson, útgefandi Hið íslenska bókmenntafélag, Laugavegur eftir Guðna Valberg og Önnu Dröfn Ágústsdóttur í útgáfu Angústúru, Bærinn sem hvarf í ösku eftir Bjarna F. Einarsson hlaut einnig styrk, útgefandi Skrudda, sem og Spænska veikin eftir Gunnar Þór Bjarnason, Forlagið gefur út.

Í fjarska norðursins. Ísland og Grænland. Viðhorfasaga í þúsund ár, hlaut útgáfustyrk en höfundur er Sumarliði R. Ísleifsson og útgefandi Sögufélag. Veidibókin Sá stóri, sá missti og sá landaði eftir Sigurð Héðin í útgáfu Drápu fær styrk og Arfur aldanna II eftir Aðalheiði Guðmundsdóttur, útgefandi Háskólaútgáfan. Tíu íslenskir kvæðamenn í ritstjórn Rósu Þorsteinsdóttur hlaut styrk, útgefandi er Stofnun Árna Magnússonar, og bókin Ánamaðkar eftir Bjarna E. Guðleifsson og Brynhildi Bjarnadóttur í útgáfu Hóla hlaut útgáfustyrk sem og Fræðaskjóða – Bókmenntafræði fyrir forvitna, höfundur er Bergljót Soffía Kristjánisdóttir og útgefandi Sæmundur.



Á bókarkápunum er alltaf eitt dýr í forgrunni, segir Birna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Bókaforlagið Angústúra gefur út barnabókaflokkinn Villinorn eftir Lene Kaaberbol. Þetta eru spennandi bækur um unglingsstúlkuna Klöru sem þarf að berjast við ill öfl í villtri náttúrunni. Bækurnar, sem eru alls sex, hafa verið gefnar út á 17 tungumálum og í Danmörku hefur verið gert leikrit og bíómynd eftir þeim.

Fjórða bókin í flokknum, Blóðkindin, er nýkomin út í íslenskri þýðingu Jóns St. Kristjánssonar, en áður hafa komið út Eldraun (2018), Blóð Viridiönu (2019) og Hefnd Kímeru (2019).

Engin af bókarkápunum erlendur útgáfanna féll í kramið hjá forsvarsmönnum Angústúru sem fengu þýska hönnuðinn og teiknarann Christinu Kuschowitz og Birnu Geirfinnsdóttur, grafiskan hönnuð hjá Studio Studio og fagstjóra við Listaháskóla Íslands, til að hanna nýjar bókarkápur í sameiningu.

Kápur bornar undir börn


„María Rán hjá Angústúru hafði samband varðandi umbrot bókanna og var einnig að velja fyrir sér kápunum. Hún bar undir okkur þær kápur sem þegar voru til. Sumar þeirra voru of krúttlegar, þar var aðalpersónan í stóru hlutverki og því var andlitsmynd af sætri stelpu mjög áberandi. Við vorum sammála um að þessar kápur sendu ekki rétt skilaboð um söguna sjálfa, kápur ferðast nefnilega ekki alltaf vel á milli menningarsvæða. Svo þóttu þær heldur ekki við rödd forlagsins,“ segir Birna.

Hún segir að erlendu kápunar hafi einnig verið bornar undir íslensk börn sem höfðu fengið að lesa handritið og var álit þeirra afdráttarlaust. „Þeim fannst þær ekki ná að endurspeglar hvað sagan er krassandi og spennandi, ekki gefa rétta mynd og sumar vera of barnalegar,“ segir Birna.

Haft var samband við Christinu sem hafði verið að teikna dýra-

Hönnun Villinornar

Birna Geirfinnsdóttir hannaði bókarkápur hins gríðarlega vinsæla barnabókaflokks Villinornin ásamt Christinu Kuschowitz. Þar sést greinilega að framhlið, kjölur og bakhlið eru ein heild.



Kápa nýjustu bókarinnar í flokknum, sem kom út á dögunum.

ÞAD ER SVO ALGENT AD FÓLK HUGSI BARA UM FRAMHLIÐINA Á BÓK AF ÞVI AD HENNI ER ALLTAF STILLT ÞANNIG UPP TIL SÝNIS.

myndir. „Christina var með mér í meistaranámi við Háskólann í Reading á Englandi. Hún er afbragðsteiknari og dýr hafa verið afar áberandi í hennar teikningum, því lá beint við að fá hana með



Þessi erlenda bókarkápa féll ekki í kramið hjá íslenskum börnum.

okkur í lið,“ segir Birna. „Við sögðum henni að hverju við værum að leita, við vildum sterka og dularfulla dýramynd og að lettrið á kápunni mætti vera hluti af myndinni. Christina kom með nokkrar tillögur sem voru meira og minna eins og lokaútfærslan sem við unnum síðan í samvinnu.“

Órætt útlit

Íslensku kápunar í bókaflokknum eru nokkuð drungalegar en mismunandi litablær er á hverri kápu. Á kápu fyrstu bókarinnar, Eldraunar, er stór mynd af ketti með gul augu og titill bókarinnar er einnig gulur.

Neðst á kápunni sést skuggamynd aðalpersónunnar. „Okkur langaði að leyfa útliti persónunnar að vera nokkuð órætt, að ákveða ekki ef mikið fyrir lesandann, heldur leyfa honum að gera sér mynd sjálfur og vera þar af leiðandi ekki með stóra andlitsmynd af aðalpersónunni á kápunni.“ Á nýjustu kápunni, Blóðkindinni, er stór mynd af uglu með gul augu og titillinn er einnig gulur.

Birna segir þessa síðustu kápu hafa verið nokkra áskorun. „Á bókarkápunum er alltaf eitt dýr í forgrunni og þá það dýr sem er mest áberandi í hverri bók fyrir sig. Í fjórðu bókinni er það hópur af dýrum. Það tók okkur smá tíma að finna hvað við vildum gera. Fyrir valinu varð ákveðið dýr, uglu, en önnur dýr hópast í kringum aðalpersónuna á kápunni, þannig að þar er aðeins meiri dýramergð en á fyrstu þremur kápunum.“

Þrívíður hlutur

Þeir sem opna bækurnar í bókaflokknum og leggja þær síðan niður þannig að framhlið blasi við sjá að myndin nær yfir alla kápu. „Það er svo algengt að fólk hugsi bara um framhliðina á bók af því að henni er alltaf stillt þannig upp til sýnis. Okkur langaði að fá fólk til að sjá að framhliðin, kjölurinn og bakhliðin mynda eina heild. Og endurspeglar þann þrívíða hlut sem bókin er,“ segir Birna. „Þess vegna fannst okkur líka mikilvægt að hafa í öllum bókunum, í lok hvers kafla, smámyndir af litlum dýrum. Í fyrstu bókunum er það köttur en svo bætast við fleiri dýr í hinum bókunum. Þarna er verið að tengja innsíður við kápu. Hver bók er heild og ritróðin líka.“

Birna segir að það sé metnaður í íslenskri bókaútgáfu varðandi bókarkápur og bókahönnun almenn. „Fólk skoðar bókarkápur og þær eru að verða æ vandaðri, en það skiptir auðvitað máli að búa vel um innihald bóka sem mikið hefur verið lagt í. Sjálf dregst ég alltaf frekar að bókum þar sem hugað hefur verið vandlega að kápu, umbroti og hönnun.“

nar, Ragnheiður, Daníel, Þorsteinn, Guðný, Lilja, Guðjón, Páll, Ólöf, Eva, Hulda, Davíð, Sólveig, Sveinn, Steinunn, Unnur, Birgir, Þórunn, Óskar, Þóra, Kolbrún, Alexandra, Berglind, Bryndís, Karl, Ásdís, Jóhannes, Jóna, Íris, Haukur, Andri, Hrafnhildur, Ásgeir, Justyna, Elfa, Haraldur, Róbert, Birna, Linda, Ágúst, Erna, Kjartan, Smári, Tómas, Þórdís, Jónína, Þórður, Friðrik, Hörður, Edda, Valgerður, Júlíana, Guðlaug, Aron, Bjarki, Hanna, Atli, Halla, Tanya, Sigurbjörg, Baldur, Rúnar, Anton, Kristjana, Sandra, Karen, Brynjar, Benedikt, Hafdís, Lára, Hjördís, Harpa, Alexander, Björgvin, Örn, Hrefna, Rósa, Hólmfríður, Andrea, Aðalheiður, Björgvin, Brynja, Ragnhildur, Gunnhildur, Stefanía, Tinna, Helena, Ingvar, Sævar, Sindri, Ingólfur, Snorri, Gyða, Reynir, Arna, Ágústa, Kári, Halla, Garðar, Laufey, Kristófer, Haukur, Hlynur, Þórir, Elsa, Ingunn, Þórarinn, Rannveig, Jakob, Þorbjörg, Dagný, Hafsteinn, Svava, Sóley, Ása, Tryggvi, Grétar, Vilhjálmur, Ari, Hjalti, Jón, Guðrún, Anna, Sigurður, Guðmundur, Sigríður, Kristín, Arndís, Gunnar, Margrét, Einar, Magnús, Ingibjörg, Artur, Kristján, Hannes, María, Stefán, Jóhanna, Jóhann, Björn, Jean, Elín, Árni, Bjarni, Ásgerður, Pétur, Arnar, Katrín, Kristinn, Guðbjörg, Ásta, Hildur, Erla, Daði, Gísli, Ragnar, Ragnheiður, Daníel, Þorsteinn, Bjartur, Páll, Ólöf, Eva, Hulda, Davíð, Sólveig, Sveinn, Steinunn, Elísabet, Inga, Auður, Unnur, Birgir, Þórunn, Óskar, Berglind, Ófeigur, Bryndís, Karl, Ásdís, Jóhannes, Jóna, Íris, Haukur, Sara, Halldóra, Andri, Hrafnhildur, Ásgeir, Róbert, Birna, Linda, Ágúst, Erna, Kjartan, Ýr, Tómas, Þórdís, Sigurjón, Jónas, Jónína, Þórður, Friðrik, Hörður, Edda, Valgerður, Guðlaug, Aron, Bjarki, Hanna, Atli, Sigurbjörg, Rakel, Hilmar, Eiríkur, Nadezda, Baldur, Rúnar, Böðvar, Kristjana, Brynjar, Benedikt, Hafdís, Lára, Hjördís, Harpa, Ásgerður, Alexander, Björg, Fannar, Sverrir, Egill, Guðni, Örn, Sigurbjörg, Sigríður, Aðalheiður, Björgvin, Brynja, Ragnhildur, Stefanía, Tinna, Andrea, Ómar, Áslaug, Helena, Agnes, Ingvar, Sævar, Snorri, Reynir, Arna, Sebastian, Ágústa, Kári, Halla, Garðar, Laufey, Kristófer, Viktor, Hafþór, Sigurlaug, Hlynur, Þórarinn, Rannveig, Axel, Jakob, Þorbjörg, Dagný, Hafsteinn, Torfi, Svava, Sóley, Ása, Tryggvi, Ívar, Ingi, Soffía, Grétar, Ari, Hjalti, Jón, Guðrún, Anna, Sigurður, Guðmundur, Sigríður, Kristín, Gunnar, Margrét, Arnaldur, Helga, Ólafur, Magnús, Ingibjörg, Kristján, María, Stefán, Jóhanna, Jóhann, Björn, Elín, Árni, Kevin, Bjarni, Helgi, Halldór, Pétur, Arnar, Kristinn, Guðbjörg, Ásta, Hildur, Erla, Gísli, Ragnar, Ragnheiður, Daníel, Þorsteinn, Guðný, Lilja, Guðjón, Páll, Ólöf, Eva, Sólveig, Sveinn, Steinunn, Elísabet, Inga, Auður, Unnur, Birgir, Þórunn, Indriði, Óskar, Þóra, Kolbrún, Berglind, Brynjar, Jóhannes, Jóna, Íris, Haukur, Erling, Sara, Halldóra, Andri, Hrafnhildur, Ásgeir, Eiður, Haraldur, Róbert, Birna, Linda, Ásgerður, Tómas, Þórdís, Arnór, Sigurjón, Jónas, Jónína, Þórður, Friðrik, Hörður, Edda, Valgerður, Guðlaug, Aron, Selma, Atli, Sigurbjörg, Rakel, Hilmar, Eiríkur, Baldur, Rúnar, Kristjana, Sandra, Karen, Brynjar, Benedikt, Hafdís, Lára, Birta, Alexander, Björg, Sverrir, Egill, Guðni, Örn, Hrefna, Rósa, Hólmfríður, Aðalheiður, Lína, Björgvin, Krzysztof, Brynja, Ragnhildur

13.319.680 þakkir! Þið vitið hver þið eruð.

Viðskiptavinir Orkunnar hafa nú afhent Votlendissjóðnum **13.319.680 kr.** sem safnast hafa sl. 9 mánuði. Með því að fylla aftur upp í skurði sem hafa lokið hlutverki sínu endurheimtum við votlendið. Það er áhrifarík, einföld og ódýr leið sem skilar strax árangri. **Takk fyrir að velja áhrifaríkustu leiðina.**



Allar nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á orkan.is

Föstudagur



ÞÚ ERT AÐ HORFA Á HRINGBRAUT




VIÐ ERUM 5 ÁRA!

Við þökkum áhorfið undanfarin
5 ár og hlökkum til að færa
landsmönnum áfram íslenskt
sjónvarp á degi hverjum
þeim að kostnaðarlausu.


62%

landsmanna 50 ára og
eldri horfa reglulega á
Hringbraut í hverri viku*



43%

landsmanna 30 ára og
eldri horfa reglulega á
Hringbraut í hverri viku*



*MMR, 15-22 nóv 2019

FRÉTTAUMRÆÐA, MENNING, HEILSA,
LÍFSREYNSLA OG NÁTTÚRA

Við miðlum af reynslu!

HRINGBRAUT

20.00 Tilveran (e) Tilveran er þáttur um sálgæslu og mannrækt í samfélagi nútímans.
20.30 Fasteignir og heimili (e) Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur fasteignum og góðum húsráðum.
21.00 21 - Úrval á föstudegi Samantekt úr bestu og áhuga-verðustu viðtölunum úr Tuttugu-ogeinum í liðinni viku.
21.30 Saga og samfélag (e) Saga og samfélag er þáttur þar sem mál-efni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

09.10 Enn ein stöðin
09.40 Ferðastíklur Á Víknaslóðum
10.25 Skólahreysti
10.50 Í garðinum með Gurrý
11.20 Nautnir norðursins Fær-eyjar - seinni hluti
11.50 Heilabrot Kvíði
12.20 Gengið um göturnar Þingholtin í Reykjavík
13.10 Rabbabari Aron Can
13.20 Visindahorn Ævars Svifbretti
13.35 Kastljós
13.50 Menningin
14.00 Bláðamannafundur vegna COVID-19
14.40 Gettu betur
15.40 Poppkorn 1986
16.10 Poirot - Týnda náman Agatha Christie's Poirot II. The Lost Mine
17.05 Fagur fiskur Sá guli
17.35 Ahmed og Team Physix
17.50 Táknálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Fótboltastrákurinn Jamie
18.29 Sögur - Stuttmyndir Tinna 368
18.43 Krakkafréttir vikunnar
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Herra Bean Mr. Bean Sígildir breskir gamanþættir frá árunum 1990-1995 um ævintýri hins seinheppna herra Bean. Aðalhlutverk: Rowan Atkinson.
20.05 Lögin í Eurovision Í þáttunum verða sýnd brot úr lögnum fjörutíu sem voru valin til að keppa í Eurovision í ár.
20.15 Poppkorn - sagan á bak við myndbandið Risaeðlan - Hope Stuttir þættir þar sem rýnt er í gömul íslensk tónlistarmyndbönd og sagan á bak við þau skoðuð. Dagskrárgerð: Gunnlaugur Jónsson.
20.30 Vikan með Gísla Marteini Gíslur Marteinn tekur á móti góðum gestum á föstudagskvöldum í vetur og fer með þeim yfir helstu atburði vikunnar í stjórnmálum, menningu og mannlífi. Persónur og leikendur koma í spjall og brakandi fersk tónlistaratriði koma landsmönnum í helgarstemninguna.
21.15 Matur og munúð Delicious Bresk þáttaröð í fjórum hlutum um kokkinn Leo Vincent sem rekur hótél í Cornwall ásamt eigin konu sinni, Sam. Þegar Sam kemst að því að Leo heldur við Ginu, fyrrverandi eiginkonu sína, fer líf þeirra allra í flækju. Aðalhlutverk: Iain Glen, Dawn French, Emilia Fox og Tanya Reynolds.
22.05 Endeavour Endeavour IV
23.35 Carrie Carrie
01.10 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.00 Dr. Phil
12.45 For the People
13.30 Rel
14.05 The Late Late Show
14.50 Venjulegt fólk
15.20 Mannlíf
16.10 Malcolm in the Middle
16.30 Everybody Loves Raymond
17.15 How I Met Your Mother
17.40 Dr. Phil
18.25 Happy Together
18.45 Black-ish
19.10 Love Island
20.10 Beginners
21.55 Only God Forgives
23.25 Kalifornia Bláðamaðurinn Brian Kessler, sem er að rannsaka raðmorðingja, og kærasta hans, ljósmyndarinn Carrie, fara í ferð þvert yfir Bandaríkin og þræða staðina þar sem morð hafa verið framin. Með þeim í för er Early Grayce, hvít-hýskis glæpamaður á skilorði, og kærasta hans Adele.
01.25 Robocop RoboCop gerist árið 2028, en þá er stórfyrirtækið OmniCorp stærsta fyrirtækið í hönnun vélmenna.

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Í ljósi sögunnar
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Óskastundin
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Heimskviður
15.00 Fréttir
15.03 Sögur af landi
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Glans
17.00 Fréttir
17.03 Lestarklefinn
18.00 Spegillinn
18.30 Brot úr Morgunvaktinni
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Flugur Janis Carol, annar þáttur
19.45 Lofthelgin
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldasagan. Konan við 1000 gráður (35 af 41)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestarklefinn
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.25 Mr. Deeds
13.00 Bubbi byggir - tryllitrukkar
14.00 Fantastic Beasts. The Crimes of Grindelwald
16.10 Mr. Deeds
17.45 Bubbi byggir - tryllitrukkar
18.45 Fantastic Beasts. The Crimes of Grindelwald
21.00 Sherlock Holmes
23.05 Head Full of Honey
01.10 The Skeleton Key
02.50 Sherlock Holmes

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Masterchef USA
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Born Different
09.50 Gilmore Girls
10.35 Tveir á teini
11.05 Jamie's Quick and Easy Food
11.30 Friends
11.55 Friends
12.35 Nágrannar
12.55 Evrópski draumurinn
13.30 Wall Street
15.30 Óbyggðirnar kalla
15.55 I Feel Bad
16.15 Golfarinn
16.40 Föstudagskvöld með Gumma Ben
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.20 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Sápan
19.40 Impractical Jokers
20.05 Finding Your Feet
21.55 A Prayer Before Dawn
23.50 A Simple Favor
01.40 The Aftermath
03.25 The Book of Love

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
18.30 Nonni Norðursins Stórskemmtileg teiknimynd um ísbjörninn Nonna sem er ísbjörn sem hefur lítið annað við að vera dags daglega en að skemmta sér konunglega ásamt öllum hinum dýrunum sem búa Norðurlandinu.
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Middle
21.05 Batwoman
21.45 True Detective
22.40 American Horror Story 8. Aþo
23.35 The Simpsons
00.00 Bob's Burgers
00.20 Big Little Lies
01.10 Friends
01.35 Friends
01.55 The Middle

STÖÐ 2 SPORT

07.05 Sportið í dag
08.05 La Liga. Top Vintage Goals
08.30 Brasília Þáttur þar sem bestu erlendu leikmennirnir í sögu spænsku úrvalsdeildarinnar eru skoðaðir. Í þessum þætti er fjallað um leikmenn frá Brasilíu.
09.00 La Liga Clubs - Baskaland
09.30 Chelsea - Portsmouth 09/10 Bestu leikirnir í sögu ensku bikarkeppinnar.
09.55 Sportið í kvöld
10.55 Pílumót Stöðvar 2 Sports
13.00 Pílumót Stöðvar 2 Sports
15.00 Sportið í dag
16.00 UCL Classic Matches Eftirminnilegir leikir úr sögu Meistaradeildar Evrópu rifjaðir upp.
16.45 Talking Football. Joaquin and Gordillo
17.20 Real Madrid - Barcelona
19.00 UEL Classic Matches Bestu leikirnir í sögu Evrópu deildarinnar, Europa League.
20.00 Talking Football. Andrés Iniesta
20.35 Topp 5
21.00 Chelsea - Middlesbrough 96/97 Bestu leikirnir í sögu ensku bikarkeppinnar, elstu og virtustu bikarkeppni heims.
21.25 NBA Special. Clutch City
22.35 Super Bowl LIV

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útlit Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



MÆÐRA- DAGURINN

í Blómavali

Mæðradagsvöndur
Blómavals

3.490kr

Ýmsar lita- og blómasamsetningar í boði



Vilmundur Hansen, garðyrkjufræðingur, verður með ráðgjöf fyrir viðskiptavinum laugardag og sunnudag í Blómaval Skútuvogi kl. 13-17.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



Rósir
10 stk.

3.490kr

1000188

Pottaplöntur



Fjólur
10 stk í bakka

1.990kr



-22%

Rifblaðka
Monstera
Í 15 cm potti

3.490kr

4.490kr



Stjúpur
10 stk.

1.490kr

Sumarblóm og garðplöntur



Blómakonfekt

Blönduð sumarblóm í potti.
Hægt að hengja upp.

3.990kr

10327160



Sýpris
80/100 cm

1.990kr

10327160



-20%

Hortensía, stór

4.790kr

5.990kr



Tilboð

Friðarlilja
12 cm pottur

1.990kr

2.490kr

11400082



-20%

Snædrífa

1.790kr

2.290kr

Opið í öllum verslunum Blómavals um land allt sunnudaginn 10. maí. Sjá nánar á blomaval.is

Blómakjólar í sólinni í sumar

Erlendir tiskumiðlar spá því að blómakjólar verði áberandi í sumar, hvort sem þeir eru stuttir eða síðir, þröngir eða víðir.

Undanfarnar vikur hafa verið óvenju sólríkar og boða vonandi bjart og fallett sumar. Nú hlakka eflaust margir til að hengja úlpuna inn í skáp og draga fram kápur og kjóla. Blómamynstraðir kjólar verða vinsælir í sumar samkvæmt erlendum tiskumiðlum, og veitir okkur ekkert af því að fá litina og gleðina inn í lífið núna. Það eru í raun engar reglur, stuttir sem síðir, þröngir og víðir, allt gengur upp.

Það er samt nokkuð ljóst að danska merkið Rotate Birger Christensen setti tóninn með línu sinni síðasta sumar, það gætir áhrifa

þaðan víða, bæði þegar kemur að mynstri og sniði. Það þarf vart að taka fram að hin íslenska Þóra Valdimarsdóttir er listrænn stjórnandi merkisins ásamt Jeanette Madsen. Þær þykja alveg einstaklega smart klæddar og eru vinsælt myndefni tiskuljósmyndara á tiskuvikunum í stórborgum Evrópu. Púffermar, blómamynstur stuttir og víðir, þröngir í mittið, hver keðjuverslunin á fætur annarri er farin að fylla rekkana af kjólum innblásnum af stíl Rotate.


Síðir kjólar verða líka vinsælir og um að gera að hafa með þeim litríkar töscur eða skó. Því fleiri litir, því betra!

steingerdur@frettabladid.is



Við kjóla í styttri kantinum kemur vel út að vera í stígvélum sem ná upp að hnjám.

Hlýralausir kjólar koma líka vel út en henta kannski síður fyrir íslenska veðurfarið.



Blómakápa yfir blómakjól með blómatreffil. Einhvern veginn virkar þetta, þrátt fyrir að halda mætti annað.

Taska í stíl við kjólinn kemur mjög flott út.



Gullfallegur gulur kjóll sem myndi koma vel út á Austurvelli í sumar.



Það kemur vel út að vera með tösku í lit sem er ekki endilega að finna í kjólnum.



Jeanette Madsen í kjól frá Rotate. Merkið fæst í GK Reykjavík.

Mittistöskurnar eru enn þá áberandi, en hérna eru upphá leðurstígvél notuð við maxi-kjól.




Ekki hika við að nota litríkar töscur við kjólana, þótt þeir séu áberandi einir og sér. MYNDIR/GETTY



Leikkonan Krys Marshall í kjól frá Rotate Birger Christensen.

FISKI V I K A

ALLUR FISKUR ÚR FISKBORÐI
OG FISKRÉTTIR



1.790 **KR/KG**

OPIÐ 9-18



VELJUM
ÍSLENSKT



TILBOÐ Á ÖLLUM HITAVEITUSKELJUM



FOX 3-4 manna
Verð áður ~~350.000~~
Verð nú 299.000



CUB 5 manna
Verð áður ~~390.000~~
Verð nú 299.000



YUKON 5-7 manna
Verð áður ~~390.000~~
Verð nú 299.000



FRONTIER 4-6 manna
Verð áður ~~500.000~~
Verð nú 399.000



QUEEN
6-8 manna
Lögun: Ferköntuð.
Breidd: 215x215 cm.
Dýpt: 93 cm.
Lítrar: 1650.
Verð áður ~~350.000~~
Verð nú 299.000



KING
6-8 manna
Lögun: 8 hyrnt.
Breidd: 223 cm.
Dýpt: 93 cm.
Lítrar: 1800.
Verð áður ~~370.000~~
Verð nú 299.000

HEITIRPOTTAR.IS HÖFÐABAKKI 1 - SÍMI 7772000

Vantar þig orku?
Þú finnur yfir 100 tegundir af orkudrykkjum hjá okkur

100

1011



Elisabet Skagfjörð og Kjartan Darri Kristjánsson snúa hress aftur eftir samkomubann og leggja Norðurljós Hörpu undir sig sem hinir sívinsælu Karius og Baktus sem Torbjörn Egner kynnti til leiks 1949. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Spennandi vistaskipti Kariúsar og Baktusar

Tannhrottarnir Karius og Baktus snúa aftur eftir samkomubann á stærra sviði í Hörpu og bíða spennir eftir að fá þar meira pláss til að höggva holur í tennurnar á Jens fyrir framan enn fleiri krakka.

Sýningar á leikritinu um Karius og Baktus hafa, eins og sóttvarnalög gera ráð fyrir, legið niðri í samkomubanninu en hefjast að nýju í Hörpu á laugardaginn.

Elisabet Skagfjörð og Kjartan Darri Kristjánsson snúa aftur sem Karius og Baktus og mæta upp-safnaðri þörf ungra áhorfenda með þremur sýningum á morgun. Þá verður sýningin flutt í stærri sal, úr Kaldalóni í Norðurljós, til þess að tryggja tveggja metra regluna.

Fegin frelsinu

„Við getum byrjað að vinna aftur með því að nýta þessa sérstöðu sem við höfum í Hörpu vegna stærðarinnar og það forskot sem barnasýningar hafa vegna þess að börn mega koma saman. Ég er mjög spenntur að sjá hvernig Harpa mun leysa þetta,“ segir Kjartan Darri.

„Ég held að það sé bara mjög spennandi,“ segir Elisabet um kærkomna möguleikana sem felast í því að geta leitað í jafn stóran og veglegan sal og Norðurljós.

„Þetta kemur náttúrliga illa við alla sem eru að vinna í faginu en þetta er allavega nokkuð góð staða fyrir okkur og það er kannski kosturinn við sjálfstæðu leikhúsenuna að maður getur fundið sér annað húsnæði og aðlagast,“ heldur Kjartan Darri áfram.

Elisabet og Kjartan Darri reyna ekki að leyna ánægjunni með að geta nú loksins byrjað aftur, sem Karius og Baktus, að höggva í tenn-

ÞETTA ER MJÖG BLENDIÐ. MAÐUR VILL LOSNA VIÐ ÞÁ EN SAMT HELD ÉG AÐ ÞAU VORKENNI ÞEIM ALVEG SMÁ.

Elisabet Skagfjörð

urnar á honum Jens sem þumbast við að gera eins og mamma hans segir honum og bursta tennurnar.

Blendnar tilfinningar

Aðspurð segjast þau hvorugt muna eftir því að hafa séð Karius og Baktus á sviði í æsku. Elisabet vill þó ekki útiloka það en telur þó víst að hún hafi bælt þá minningu niður. Sjálfsagt af ótta.

„Ég man klárlega eftir að þeir hafi verið notaðir á mig til þess að láta mig bursta og ég nota þetta óspart á börnin mín,“ segir Kjartan Darri. „Þetta virkar! Börnin vilja losna við Karius og Baktus,“ heldur hann áfram og staldrar við að þrátt fyrir þetta vilji krakkarnir samt ólmir sjá þá bræður á sviði.

„Þau finna til smá samkenndar með þeim,“ segir Elisabet um þessa þversögn í eðli tanntrollanna. „Þetta er mjög blendið. Maður vill

losna við þá en samt held ég að þau vorkenni þeim alveg smá.“

Þegar stöðugar vinsældir Kariúsar og Baktusar ber á góma bendir Kjartan Darri á að líklega hafi það sitt að segja hvernig nýjar kynslóðir foreldra finni í þeim traustan liðsauka þegar kemur að því að fá börnin til þess að bursta tennurnar og gera það skemmtilegt.

En þið sjálf? Gerið þið eins og mamma segir ykkur?

„Sko, já, einmitt. Ég meina, maður fær sér alveg nammi en ég held maður sé alveg það vel upp alinn að maður burstar tennurnar á kvöldin og morgnana,“ segir Kjartan Darri en Elisabet lætur óræðan hlátur duga sem svar við þessari samvisku-spurningu.

Nýtt þrjúki

„Svo vorum við svona í ljósi aðstæðna jafnvel að þæla í að breyta nöfnunum,“ segir Kjartan Darri um Jens, mömmuna og tannlækninn, þrjúkið sigilda sem setur strik í áform Kariúsar og Baktusar.

„Og breyta þessu þannig að Jens væri þá Víðir, tannlæknirinn Þórólfrur sóttvarnalæknir og mamman væri Alma landlæknir. En kannski höldum við þessu bara eins og þetta var...“

Elisabet skerst þarna í leikinn og fyllir snarlega upp í þessa holu. „Það fiktar enginn við klassíkina,“ segir hún og bætir síðan við á léttum nótum að hróður þeirra Ólmu, Víðis og Þórólfs sé slikur að krakkarnir þekki þau jafnvel betur en hin þrjú efitthvað er. totti@frettabladid.is

DV

Kynningartilboð

LESTU DV FRÍTT Í MAÍ!



Skráðu þig á dv.is og lestu DV frítt í maí án skuldbindinga*

Hægt er að velja um tvær leiðir:

1. Prent og vefútgáfa

Frí áskrift út maí að prentútgáfu með vefaðgangi að blaðinu rafrænt. Verð fyrir mánaðaráskrift er 2.990 kr. að reynslutíma loknum. Engin binding.

2. Vefútgáfa

Frí vefáskrift út maí. Verð fyrir áskrift 1.590 kr. að reynslutíma loknum. Engin binding.

*Gildir aðeins fyrir þá sem eru ekki þegar með áskrift að DV. Kynningartilboðið er frítt í maí en gildir til 31.05.2020 fyrir nýja áskrifendur. Ef kynningartilboði er ekki sagt upp fyrir 31.05.2020 tekur við áskrift sem endurnýjast í mánuð í senn. Uppsögn á áskrift skal senda á askrift@dv.is fyrir 20. hvers mánaðar.



BAKÞANKAR

Guðmundar
Brynjólfssonar



25. maí

Næsta verkefni heilbrigðis-
yfirlvalda á Íslandi er að
koma landsmönnum í
skilning um að 25. maí rennur
upp 25. maí. Mikið þúdur hefur
nú þegar farið í að gera mönnum
grein fyrir því að ekki væru allir
dagar 4. maí. Þær kennslustundir
hafa staðið síðan í dymbil-
viku. Ekki hefur sú ábyrgð ein
legið á ráðandi öflum að kenna
mönnum á dagatal, heldur hefur
drjúgur tími farið í efni sem
kallast í fjölfræðiritum: „Mál og
vog.“

Þar hefur áhersla verið lögð
á að upplýsa fólk um að tveir
metrar séu tveir metrar. En þrátt
fyrir ítrekaða kennslu gætir enn
þess misskilnings að tveir metrar
geti í sumum tilfellum verið 90
sentimetrar, framtönn úr hundi
eða slitgigt. Allt eftir því hver
mælir.

Auðvitað kemur þessi van-
þekking ekki alltaf jafn mikið
á óvart, því hér er um stærð-
fræðileg atriði að ræða og í stærð-
fræði eru menn missterkir. Og
hefur það í raun sannast í þessu
veirufári að lakast gera þeir sér
grein fyrir því hvað tveir metrar
eru langir, sem erfiðast eiga með
að telja fram til skatts. Nú eða
muna jafnvel ekki eigin kenni-
tölu nema í takmarkaðan tíma
og þurfa þá að fá sér nýja. Aðeins
eina vegalengd hefur tekist
að kenna mönnum úr þessum
kredsum, þeir hafa lært að hluta-
bótaleiðin er stutt, og auðrötuð.

Hætt er við að málin verði enn
flóknari þegar 25. maí rennur
upp grár af þoku og úrkomu í
tveggja metra grennd. Þá er aldr-
ei að vita nema metrakerfið hafi
gengið sér til húðar og túlkunar-
möguleikarnir verði óþrjótandi
enda álagningarstráin í nánd og
allur handþvotturinn sem henni
fylgir.

STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.



RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

Seljum í stuttan tíma eldri gerðir
af rúmum, skiptidýnum, sýningar-
eintökum og öðrum vörum með
veglegum afslætti í verslunum okkar
í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði.

Við erum að taka inn mikið magn af nýjum vörum
og rýmum til með því að selja eldri gerðir og
sýningareintök með veglegum afslætti.

RÝMINGARSALA
25-70%
AFSLÁTTUR
EKKI MISSA AF ÞESSU

STILLANLEG RÚM



FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

HEILSUDÝNUR OG -RÚM



DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

SVEFNSÓFAR



AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.-Fös. 11-18 | Lau. 11-16
www.betrabak.is

Betra
BAK

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

FANTA &
FANTA EXOTIC
500 ML

169

KR/STK
338 KR/L



Kvikk
ON THE GO

